



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar ásamt sérálitum og bókunum

Febrúar 2016

Velferðarráðuneytið: Skýrsla nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar
Febrúar 2016

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2016 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-10-1

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Skipan nefndarinnar.	5
Forsaga nefndarstarfsins, verkefni og starfshættir nefndarinnar.	6
Vinna nefndarinnar.	6
Niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar	7
1. Breytt bótakerfi	7
2. Barnalífeyrir og fjölskyldubætur	8
3. Hækkun lífeyrisaldurs	8
4. Sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur	8
5. Víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða	9
6. Staða einstaklinga sem ekki eru með full réttindi	10
7. Starfsgetumat og endurhæfing	10
8. Stoðþjónusta og hjálpartæki	11
9. Gildistaka	12
Skilabréf, bókanir, sérálit og fylgiskjöl	13- 93

Inngangur

Skipan nefndarinnar.

Félags- og húsnæðismálaráðherra skipaði hinn 6. nóvember 2013 nefnd um endurskoðun almannatryggingalaga, þ.e. heildarendurskoðun laga um almannatryggingar, nr. 100/2007 og laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007. Stjórn málaflókkar, ýmis hagsmunasamtök og aðilar vinnumarkaðarins tilnefndu fulltrúa í nefndina, en ráðherra skipaði dr. Pétur H. Blöndal, alþingismaður, formann nefndarinnar, án tilnefninga.

Frá því að nefndin hóf störf hafa orðið nokkrar breytingar á skipan hennar, nýir nefndarmenn bæst við en aðrir hætt og einnig hafa fleiri aðilar tilnefnt fulltrúa í nefndina. Sérstaklega skal þess getið að formaður nefndarinnar, dr. Pétur H. Blöndal, andaðist hinn 26. júní 2015 og tók varaformaður nefndarinnar að sér að leiða starfið til lykta. Þá var formaður Öryrkjabandalagsins, Ellen Calmon, annar fulltrúi Öryrkjabandalagsins fram til hausts 2015, er Halldór Sævar Guðbergsson tók við. Að öðru leyti þykir ekki þörf á að rekja breytingar á skipan nefndarinnar á tímabilinu.

Nefndina skipa nú eftirtaldir:

- ▶ Þorsteinn Sæmundsson, tiln. af þingflokki Framsóknarflokks, varaformaður.
- ▶ Þórunn Egilsdóttir, tiln. af þingflokki Framsóknarflokks.
- ▶ Ásta Möller, tiln. af þingflokki Sjálfstæðisflokks.
- ▶ Vilhjálmur Bjarnason, tiln. af þingflokki Sjálfstæðisflokks.
- ▶ Páll Valur Björnsson, tiln. af þingflokki Bjartrar framtíðar.
- ▶ Helgi Hjörvar, tiln. af þingflokki Samfylkingarinnar.
- ▶ Óli Björn Kárasón, tiln. af fjármála- og efnahagsráðuneyti.
- ▶ Halldór Sævar Guðbergsson, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands.
- ▶ Klara Geirsdóttir, tiln. af Öryrkjabandalagi Íslands.
- ▶ Vilborg K. Oddsdóttir, tiln. af Bandalagi háskólamanna.
- ▶ Gylfi Arnbjörnsson, tiln. af Alþýðusambandi Íslands.
- ▶ Hannes G. Sigurðsson, tiln. af Samtökum atvinnulífsins.
- ▶ Guðrún Ágústa Þórdísardóttir, tiln. af þingflokki Pírata.
- ▶ Ólafur Þór Gunnarsson, tiln. af Vinstrihreyfingunni – grænt framboð.
- ▶ Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, tiln. af Landssambandi eldri borgara.
- ▶ Friðrik Sigurðsson, tiln. af Landssamtökunum Þroskahjálp.
- ▶ Elín Björg Jónsdóttir, tiln. af BSRB.
- ▶ Oddur Jakobsson, tiln. af Kennarasambandi Íslands.
- ▶ Gyða Hjartardóttir, tiln. af Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
- ▶ Erla B. Sigurðardóttir, tiln. af Reykjavíkurborg.

Með nefndinni hafa starfað þau Ágúst Þór Sigurðsson og Hildur Sverrisdóttir Röed frá velferðarráðuneytinu og Sigurður M. Grétarsson frá Tryggingastofnun ríkisins.

Í skipunarbréfi ráðherra kemur m.a. fram að verkefni nefndarinnar sé í megindráttum tvíþætt. Annars vegar skuli nefndin fjalla um starfsgetumat sem komi í stað gildandi örorkumats og sveigjanleg starfslok, hins vegar um fjárhæð lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja þar sem byggt verði að miklu leyti á þeirri vinnu sem þegar hefur verið unnin í tengslum við heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins.

Forsaga nefndarstarfsins, verkefni og starfshættir nefndarinnar.

Almenn samstaða hefur verið um að endurskoða þurfi lög um almannatryggingar sem og uppbyggingu lífeyristrygginga almannatrygginga. Hafa margir starfshópar og nefndir starfað allt frá árinu 2005 að endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar og uppbyggingu kerfisins.

Hér eru tilgreindar helstu nefndir sem unnið hafa að þessu verkefni á undanförunum tíu árum:

- ▶ Nefnd sem forsætisráðherra skipaði í nóvember árið 2005. Nefndin skilaði skýrslu í mars 2007 þar sem m.a. var fjallað um eflingu starfsendurhæfingar og upptöku starfsgetumats í stað örorkumats.
- ▶ Nefnd sem forsætisráðherra skipaði í janúar 2006. Nefndin, sem fjallaði um lífeyrismál, sem og búsetu- og þjónustumál aldraðra, skilaði tillögum í júlí sama ár.
- ▶ Verkefnisstjórn sem félagsmálaráðherra skipaði haustið 2007. Verkefnisstjórnin skilaði skýrslu haustið 2009 þar sem m.a. var fjallað um nauðsynlegar breytingar vegna flutnings málefna aldraðra og almannatrygginga frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til félagsmálaráðuneytis.
- ▶ Starfshópur um endurskoðun almannatryggingalaga sem velferðarráðherra skipaði vorið 2011. Starfshópurinn skilaði skýrslu til ráðherra í október 2013 þar sem m.a. eru lagðar til margvíslegar tillögur um breytingar á almannatryggingum, sameiningu bótaflokka og einföldun kerfisins.
- ▶ Loks var núverandi nefnd skipuð af félags- og húsnæðismálaráðherra í nóvember 2013. Í skipunarbréfi nefndarinnar kemur fram að verkefni hennar sé í megindráttum tvíþætt. Annars vegar skyldi nefndin fjalla um starfsgetumat sem komi í stað gildandi örorkumats og sveigjanleg starfslok, hins vegar um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna til aldraðra og öryrkja en þar skyldi byggja að miklu leyti á þeirri vinnu sem þegar hafði verið unnin í tengslum við heildarendurskoðun almannatryggingakerfisins.

Vinna nefndarinnar.

Nefndin hélt 41 fund á tímabilinu 15. nóvember 2013 til 10. febrúar 2016. Auk þess var talsverð vinna unnin milli funda, t.d. vegna kostnaðarútreikninga. Þá komu gestir á fundi nefndarinnar.

Nefndin skipti með sér verkum og fjölluðu fjórir undirhópar um helstu verkefni hennar, þ.e. um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna og áhrif annarra tekna á fjárhæðir bóta, um starfsgetumat, um sveigjanleg starfslok og um hækkun lífeyrisaldurs. Þá fékk nefndin Talnakönnun hf. til að gera ýmsa útreikninga og meta langtímaáhrif hugmynda nefndarinnar á greiðslustreymi bóta almannatrygginga og kanna áhrif vegna starfsgetumats og bótakerfi því tengdu. Niðurstöður Talnakönnunar hf. eru í fylgiskjöllum með þessari skýrslu.

Niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar

1. Breytt bótakerfi

Tillaga nefndarinnar

Nefndin leggur til að almannatryggingar greiði einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega sem komi í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar og verði 212.776 kr. á mánuði. Þessi lífeyrir lækki um 45% af öllum samanlögðum tekjum viðkomandi, utan séreignarlífeyrissparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, og verði án frítekjumarka, sem verði lögð niður.

Markmiðið er að einfalda bótakerfi almannatrygginga og festa í sessi þá lágmarksfjárhæð sem framfærsluuppbótin tryggir þeim sem hafa lægstu tekjurnar í dag ásamt því að breyta uppbótinni frá því að vera félagslegur stuðningur í áunnin réttindi. Breytingin mun að mati nefndarinnar hafa í för með sér hækkun bóta til þeirra sem búa erlendis en sem áður hafa áunnið sér rétt hér á landi á grundvelli búsetu. Loks komi hún í veg fyrir svokallaða krónu á móti krónu lækkun framfærsluuppbótar vegna tekna.

Auk lífeyris leggur nefndin til að örorkulífeyrisþegar fái greidda viðbót sem verði án frítekjumarka og komi í stað aldurstengdrar örorkuuppbótar samkvæmt gildandi lögum. Viðbótin verði 22.000 kr. á mánuði og verði hún greidd að fullu fyrir þá sem verða öryrkjar 24 ára eða yngri en 5% lægri fyrir hvert aldursár þar eftir og fjari út við 44 ára aldur. Viðbótin myndi ekki sérstakan bótaflokk heldur bætist við hinn nýja sameinaða bótaflokk á þann hátt að fjárhæð örorkulífeyrisins verði mismunandi eftir aldri viðkomandi við fyrsta örorkumat, fram til 44 ára aldurs. Tilgangur viðbótarinnar er að bæta þessum hópi það upp að þeir hafi eingöngu áunnið sér mjög lítinn eða engan rétt í atvinnutengda lífeyrissjóðakerfinu.

Nefndin leggur til að heimilisuppbót verði áfram sérstakur bótaflokkur en að skoða þurfi betur þær skilgreiningar er liggja að baki henni við mat á því hvort um fjárhagslegt hagræði sé að ræða af sambýli við aðra eða ekki. Á þetta sérstaklega við um ungmenni sem orðin eru 18 ára en búa áfram hjá foreldrum og stunda nám. Þá leggur nefndin til að heimilisuppbót verði 34.126 kr. á mánuði og skerðist um 7,50% af öllum tekjum viðkomandi, utan séreignarlífeyrissparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga.

Nefndin leggur áherslu á að með þessari kerfisbreytingu fái allflestir lífeyrisþegar mikla réttarbót. Útreikningar sem nefndin hefur látið gera sýna þó að kerfisbreytingin geti að vissu marki leitt til þess að heildartekjur þeirra lífeyrisþega sem hafa lágar atvinnutekjur lækki. Til þess að fyrirbyggja að framangreindur hópur beri skarðan hlut frá borði leggur nefndin til að sett verði í væntanlegt frumvarp sérstakt ákvæði til bráðabirgða. Ákvæðið kveði á um að gerður verði samanburður á greiðslum til þessa hóps, annars vegar samkvæmt núgildandi kerfi eins og þær eru við lokun þess kerfis, uppreiknaðar samkvæmt raungildi hvers ár, og hins vegar samkvæmt nýju kerfi. Viðkomandi fái greidda þá fjárhæð sem hærri reynist.

Nefndin bendir á útfærslu sem gæti verið með þeim hætti að nýjar og eldri reglur um útreikning lífeyris almannatrygginga verði bornar saman. Ef eldri reglur gefa hærri lífeyri, þá stofnast réttur til mismunargreiðslu. Fjárhæð mismunargreiðslu fari eftir fjárhæð heildartekna á mánuði. Full mismunargreiðsla greiðist ef heildartekjur eru 100.000 kr. á mánuði eða lægri, en skerðist um 1% fyrir hverjar 1.000 kr. umfram það, uns rétturinn fellur niður við 200.000 kr. Mismunargreiðslan yrði

þá t.d. að hámarki 28.000 kr. á mánuði hjá örorkulífeyrisþega með 100.000 kr. heildartekjur og 17.000 kr. hjá þeim sem væri með 150.000 kr. í heildartekjur.

Þá leggur nefndin til að hækkanir á fjárhæðum bóta almannatrygginga fylgi þróun lágmarkslauna hverju sinni.

2. Barnalífeyrir og fjölskyldubætur

Tillaga nefndarinnar

Nefndin hefur ekki náð saman um barnalífeyri almannatrygginga og gerir því ekki tillögu um það efni.

3. Hækkun lífeyrisaldurs

Tillaga nefndarinnar

Nefndin leggur til að lífeyrisaldur hækki í skrefum, frá 67 ára aldri til 70 ára aldurs.

Nefndin hefur skoðað nokkra möguleika á innleiðingu breytingarinnar m.a. hversu hratt skuli hækka aldursmörkin og látið reikna sparnaðaráhrif miðað við mismunandi útfærslur.

Niðurstaða nefndarinnar er að leggja til hækkun á lífeyristökualdrinum um tvo mánuði á ári í tólf ár. Eftir það hækki lífeyristökualdurinn um einn mánuð á ári í tólf ár. Breyting þessi taki gildi árið 2017, þannig að lífeyristökualdurinn taki að hækka frá og með áramótum 2016-2017.

Nefndin telur skynsamlegt að samræmi sé milli almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðakerfisins hvað lífeyrisaldur varðar og að hann sé hinn sami í báðum lögbundnu lífeyriskerfunum.

Þá bendir nefndin á að tiltekinn hópur kann að þurfa á sértækum úrræðum að halda, þar sem hann getur ekki unnið lengri starfsævi vegna slits/erfiðisvinnu án þess þó að um örorku sé að ræða vegna sjúkdóma eða fötlunar.

Nefndin leggur til að breytingar á eina snemmbæra lífeyrisflokknum í almannatryggingum, þ.e. svokölluðum sjómannalífeyri (60 ár), verði skoðaðar í samráði við sjómannasamtök og viðkomandi lífeyrissjóði.

4. Sveigjanleg starfslok og starfslokaaldur

Tillaga nefndarinnar

Nefndin leggur til að heimilaður verði aukinn sveigjanleiki í almannatryggingakerfinu hvað varðar lífeyristöku. Þannig verði heimilað að fresta lífeyristökunni til 80 ára aldurs sem og að flýta lífeyristöku, en þó geti hún fyrst orðið frá 65 ára aldri. Bæði frestun lífeyristöku sem og flýtt taka lífeyris hafi varanleg áhrif á fjárhæð lífeyrisins til hækkingar eða lækkunar á tryggingafræðilegum forsendum. Einnig leggur nefndin til að fólk greiði í lífeyrissjóði af launum sínum á meðan það er á vinnumarkaði.

a. Heimild til frestunar töku lífeyris umfram lögbundinn lífeyrisaldur gegn hækkun lífeyris.

Samkvæmt gildandi lögum er heimilt að fresta töku lífeyris í allt að fimm ár umfram lögbundinn lífeyrisaldur sem nú er 67 ára aldur, til allt að 72 ára aldurs gegn hækkun lífeyris. Nefndin leggur til að þessi heimild til frestunar lífeyristöku verði aukin enn frekar þannig að unnt að fresta töku lífeyris til allt að 80 ára aldurs. Frestunin veiti rétt til varanlega hærri lífeyris frá almannatryggingum, en hækkunin verði ákveðin á tryggingafræðilegum forsendum.

Nefndin gerir einnig þá tillögu að heimilað verði að sá sem eigi rétt á ellilífeyri frá lífeyrissjóði geti tekið hálfan lífeyri en frestað töku lífeyris að hálfu og hækki þá hinn frestaði hluti ellilífeyrisins í samræmi við reglur viðkomandi lífeyrissjóðs. Samhliða lífeyristöku að hluta verði heimilað að sækja um hálfan lífeyri frá almannatryggingum. Rætt hefur verið um að þessi heimild verði bundin því að viðkomandi stundi hálf starf.

b. Heimild til að flýta töku lífeyris gegn lækkun lífeyris.

Nefndin leggur til að heimilað verði að hefja töku lífeyris frá almannatryggingum fyrir lífeyrisaldur en með lægri lífeyrisgreiðslu til frambúðar. Þannig verði heimilað verði að hefja töku lífeyris við 65 ára aldur en gegn skertum greiðslum og verði lækkunin ákveðin á tryggingafræðilegum forsendum.

c. Hámarksstarfsaldur opinberra starfsmanna.

Samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er opinberum starfsmönnum heimilt að vinna til 70 ára aldurs. Nefndin leggur til að þetta ákvæði starfsmannalaga verði endurskoðað með það í huga að opinberum starfsmönnum verði heimilað að vinna til allt að 75 ára aldurs. Haft verði samráð við viðkomandi heildarsamtök opinberra starfsmanna.

5. VÍXLVERKANIR Í SAMSPILI ALMANNATRYGGINGA OG LÍFEYRISJÓÐA

Víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða er vandamál sem ekki hefur verið fundin endanleg lausn á, en fundnar hafa verið tímabundnar lausnir sem hafa verið lögfestar. Þær lausnir bera þess merki að vera tímabundnar og geta ekki talist vera framtíðarlausnir.

Víxlverkanir þessar lýsa sér í stuttu máli þannig að greiðslur úr lífeyrissjóðum skerða örorkubætur samkvæmt lögum um almannatryggingar og félagslega aðstoð. Í samþykktum lífeyrissjóða er síðan kveðið á um að heildartekjur örorkulífeyrisþega eftir orkutap megi ekki vera hærri en þær tekjur sem hann hafði fyrir orkutap. Þegar lífeyrissjóðir gera samanburð á tekjum öryrkja fyrir og eftir orkutap reikna þeir m.a. með bótum almannatrygginga. Þetta hefur þau áhrif að ef bætur almannatrygginga hækka þá lækka lífeyrissjóðirnir í mörgum tilfellum örorkulífeyrisgreiðslur sínar á móti þeirri hækkun, þar sem tekjur öryrkjans, að meðtöldum bótum almannatrygginga, eru orðnar hærri en þær voru áður en viðkomandi varð öyrki. Við þá lækkun hækka bætur almannatrygginga sem aftur leiðir til lækkunar lífeyrissjóðsgreiðslna. Hið sama gerist ef greiðslur örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum hækka, því þá lækka bætur almannatrygginga sem aftur getur leitt til frekari hækkunar frá lífeyrissjóði og svo koll af kolli.

Þessar víxlverkanir bitna harðast á örorkulífeyrisþegunum sjálfum og því er mikilvægt að fundin verði framtíðarlausn á vandamálinu.

Nefndin leggur til að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna. Það verði gert samhliða upptöku starfsgetumats samkvæmt tillögum nefndarinnar og sameiningu þriggja bótaflokka, þ.e. örorkulífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbotar, í einn bótaflokk með 45% skerðingarhlutfalli. Þá sé það forsenda að framlag ríkisins til að jafna örorkubyrði milli lífeyrissjóðanna verði endurskoðað.

6. Staða einstaklinga sem ekki eru með full réttindi

Nefndin óskaði eftir að hópur sérfræðinga myndi ræða þetta atriði sérstaklega og skoða hvaða leiðir séu þar helst færar til úrbóta.

Sérfræðingarnir telja þörf á að breyta skilyrðum fyrir tryggingavernd þannig að ekki gildi sömu reglur um réttindaávinnslu í lífeyristryggingum og um opnun þegar áunninna réttinda. Þannig verði ekki sömu skilyrði þegar um flutning til landsins er að ræða og þegar um komið er til baka eftir búsetu erlendis. Í þeim tilvikum þegar einstaklingar eiga þegar geymdan rétt hér á landi er lagt til að vægari skilyrði gildi. Jafnframt þurfi að fella brott undanþágu sem nú er frá þriggja ára lágmarksskilyrðinu.

Þá hefur verið rætt um nauðsyn þess að breyta ákvæðum um óliðin tímabil sem reiknuð eru viðkomandi til góða í réttindaútreikningi þannig að það komi til góða þeim sem vantar lítið upp á full réttindi.

Nefndin ákvað að leggja ekki fram sérstakar tillögur um þetta efni en að stutt umfjöllun um málið verði í skýrslu nefndarinnar til ráðherra.

7. Starfsgetumat og endurhæfing

Tillaga nefndarinnar

Nefndin leggur til að tekið verði upp nýtt matskerfi þar sem metin verði starfsgeta (starfsgetumat) í stað læknisfræðilegs mats á heilsufari eins og nú er (örorkumat).

Lagt er til að matskerfið verði tveggja þrepa, í fyrsta þrepi verulega skert starfsgeta (26-50%) og í öðru þrepi lítil sem engin starfsgeta (0-25%). Í tengslum við nýtt matskerfi verði teknað upp hlutabætur í almannatryggingum.

Nefndin leggur til að allir sem sækja um örorkulífeyri eftir gildistöku nauðsynlegra lagabreytinga verði metnir samkvæmt hinu nýja matskerfi og að nýja matskerfið verði notað bæði í almannatryggingum og lífeyrissjóðum.

Þá verði þeir sem eru með gilt örorkumat samkvæmt núverandi matskerfi metnir við fyrsta reglubundið endurmat eftir gildistöku lagabreytinganna samkvæmt hinu nýja matskerfi. Sú undantekning er þó lögð til að þeir sem orðnir eru 55 ára þegar að endurmati kemur verði boðið að fá mat samkvæmt hinu nýja matskerfi, en þeim verði það ekki skylt. Þegar um varanlegt örorkumat er að ræða gildi það áfram, nema óskað sé endurmats samkvæmt nýju kerfi. Þannig gerir nefndin ráð fyrir að upptöku hins nýja matskerfis verði lokið á 15 árum og að þá ættu allir örorkulífeyrisþegar hjá almannatryggingum að vera með gilt starfsgetumat.

Greiðslur almannatrygginga til einstaklinga með gilt starfsgetumat verði reiknaðar samkvæmt nýju einfölduðu bótakerfi í samræmi við tillögur nefndarinnar þar að lútandi. Þeir sem metnir eru með litla sem enga starfsgetu fái fullan lífeyri, en þeir sem metnir eru með verulega skerta starfsgetu fái bætur að hluta, hálfan lífeyri. Nefndin leggur til að þegar um rétt til greiðslu bóta að hluta er að ræða hafi atvinnutekjur, ef þeim er til að dreifa, engin áhrif á fjárhæð bótanna.

Nefndin telur að meta þurfi áhrif nýs starfsgetumats á greiðslubyrði lífeyrissjóðanna vegna skertrar starfsgetu og bendir á að endurskoða þurfi framlög ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna, komi í ljós að breytingarnar leiði til kostnaðarauka hjá lífeyrissjóðakerfinu.

Þátttaka í starfsendurhæfingu sem lýkur með starfsgetumati er forsenda fyrir greiðslum í hinu nýja kerfi. Bendir nefndin því á að dæmi geta orðið um að einstaklingar, sem fengið hafi 75% örorkumat samkvæmt gildandi matskerfi sem gert er á læknisfræðilegum grundvelli, fái ekki greiðslur samkvæmt nýja kerfinu. Hér er t.d. átt við einstaklinga með fulla starfsgetu þrátt fyrir skerðingu eða sjúkdóm. Þar sem full starfsgeta er fyrir hendi verður þeim einstaklingum ekki beint í starfsendurhæfingu.

Þegar sótt er um starfsgetumat fari fram grunnmat/sérhæft mat þar sem metið er hvort líklegt sé að starfsendurhæfing sé raunhæf og skili árangri. Hefst þá matsferli er ljúki með starfsgetumati ef einstaklingur hefur áfram skerta starfsgetu. Sá sem leggur niður launavinnu vegna veikinda eða slyss njóti fyrst launa og svo greiðslna frá sjúkrasjóði meðan á starfsendurhæfingu stendur til að mæta tekjutapi sínu. Þar á eftir taki við sérstök endurhæfingargreiðsla frá almannatryggingum.

Samkvæmt gildandi lögum greiðist nú endurhæfingarlífeyrir frá almannatryggingum tímabundið, eða að hámarki í þrjú ár, en áður hefur viðkomandi tæmt rétt sinn til veikindalauna og til greiðslna frá sjúkrasjóði. Nefndin leggur til að meginreglan verði sú að heimilt sé að greiða endurhæfingarbætur þar til starfsgetumat liggur fyrir og starfsendurhæfing hefur verið fullreynd en að hámarkstíminn verði óbreyttur, þ.e. þrjú ár. Þó verði heimilt að lengja greiðslur í allt að fimm ár ef áframhaldandi starfsendurhæfing er talin líkleg til árangurs.

Ákvörðun um starfsgetu og bótarétt í almannatryggingum er stjórnsýsluákvörðun og leggur nefndin til að hún verði á valdi Tryggingastofnunar ríkisins og kæranleg enda gildi stjórnsýslulög um málsmeðferðina. Skilgreina þurfi á hvaða gögnum Tryggingastofnun byggi ákvörðun sína sem og hvaða sjónarmiðum og viðmiðum henni beri að líta til. Ennfremur þarf að skilgreina þær kröfur sem gerðar verða til aðila er annast framkvæmd starfsendurhæfingar og starfsgetumats.

Nefndin telur nauðsynlegt að kveðið verði sérstaklega á um samráð við notendur í lögum. Þá sé mikilvægt að umsýsla verði skilvirkari og biðtími þar til niðurstaða umsýslustofnunar liggja fyrir verði styttri þannig að ekki myndist rof í greiðslum. Nefndin vill jafnframt benda sérstaklega á mikilvægi þess að sveigjanleiki og hlutastörf séu til staðar fyrir einstaklinga sem ekki hafa fulla starfsgetu og því mikilvægt að tilskipanir ESB um bann við mismunun á vinnumarkaði verði innleiddar í lög á Íslandi. Gegna aðilar vinnumarkaðarins mikilvægu hlutverki í þessu sambandi sem og ríki og sveitarfélög sem vinnuveitendur.

Nefndin leggur áherslu á mikilvægi stoðþjónustu og hjálpartækja þegar um skerta starfsgetu er að ræða.

8. Stoðþjónusta og hjálpartæki

Tillaga nefndarinnar

Nefndin leggur til að skilið verði á milli mats á þörf einstaklingsins fyrir stoðþjónustu og mats á getu hans til að afla tekna. Mat á heilsufari einstaklings verði þannig tvíþætt:

Annars vegar verði færnimat eftir heilsutjón þar sem metin er þörf á stoðþjónustu. Með stoðþjónustu er meðal annars átt við hvers konar liðveislu og aðstoð í samræmi við þarfir einstaklings, greiðslu á umframkostnaði vegna veikinda eða fötlunar og aðgang að hjálpartækjum. Stoðþjónusta miðar að því að skapa einstaklingi eins jöfn tækifæri og kostur er. Hér er bæði átt við þjónustu á vegum ríkis og sveitarfélaga. Miðað verði við að veita fólki rétt til þjónustu og tækja sem geri því kleift að vera þátttakendur á vinnumarkaði og geri almenna samfélagsþátttöku mögulega. Slíkt mat standi til boða eftir slys/veikindi og er þá eðlilegt að hjálpartæki einstaklingsins sem notuð

eru á vinnustað verði greidd af Sjúkratryggingum Íslands. Matið verði endurskoðað eftir þörfum. Þetta mat sé þó ekki ávísun á bætur/styrk til framfærslu vegna tekjumissis.

Þá leggur nefndin til að skipulag endurhæfingar verði bætt þar sem gildandi reglur um greiðsluþátttöku vegna stoðþjónustu verði endurskoðaðar þannig að þær letji ekki frá vinnu. Einstaklingur greiði ekki fyrir viðeigandi hjálpartæki sem tengjast sérstaklega þátttöku hans á vinnumarkaði.

9. Gildistaka

Nefndin leggur til að framangreindar breytingar á almannatryggingum taki gildi 1. janúar árið 2017.

Skilabréf Þorsteins Sæmundssonar, bókanir, sérálit og fylgiskjöl
með skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar

1. Skilabréf Þorsteins Sæmundssonar
2. Bókun fjármála- og efnahagsráðuneytis
3. Bókun ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og SA
4. Bókun Landssambands eldri borgara
5. Bókun Þroskahjálpar
6. Bókun Sambands íslenskra sveitarfélaga
7. Bókun Reykjavíkurborgar
8. Sérálit Öryrkjabandalags Íslands, greinargerð við sérálitið og bókanir
9. Skýrsla um kostnaðaráhrif af tillögum nefndarinnar, Talnakönnun hf., okt. 2014
10. Viðauki við skýrslu um áhrif af tillögum nefndarinnar, Talnakönnun hf., 4/1/2015

Félags-og húsnæðisráðherra

Frú Eygló Harðardóttir

Hafnarhúsinu – Reykjavík.

Heiðraði ráðherra.

Inngangsorð.

Með þessu skilabréfi fylgir skýrsla nefndar um endurskoðun Almennatryggingakerfisins, svonefndrar Pétursnefndar, ásamt sérálitum, bókunum og öðrum fylgigögnum. Eins og kunnugt er Pétursnefndin sú fimmta í röð nefnda á síðustu árum sem haft hafa það verkefni með höndum að endurskoða Almennatryggingakerfið. Í hin fjórðu fyrri skipti hafa engar breytingar átt sér stað í kjölfar starfa nefndanna. Því er brýnt að stjórnvöld bregðist nú fljótt og vel við niðurstöðum og tillögum Pétursnefndar skjólstæðingum Almennatryggingakerfisins til heilla.

Undirritaður kom með litlum fyrirvara til starfa í nefndinni sem varaformaður eftir að nefndin hafði starfað nokkra hríð. Það kom svo í minn hlut að taka við formennsku þegar kraftar Péturs heitins Blöndal voru á þrotum. Ljóst er að það starf hefði ég ekki getað innt af hendi nema vegna þess að ég fékk nokkurn tíma með Pétri sem var mér drjúgt vegarnesti í störfum í nefndinni. Hafi hann heila þökk fyrir. Pétursnefndin hélt 41 fund og fékk til liðs við sig Benedikt Jóhannesson stærðfræðing og fleiri við starfið. Þar er stærstur hlutur Ágústars Þórs Sigurðssonar, Hildar Sverrisdóttur starfsmanna velferðarráðuneytisins og Sigurðar Grétarssonar starfsmanns T.R. í störfum nefndarinnar en ljóst er að undirritaður hefði skammt komist án þeirra atbeina. Eru þeim öllum færðar bestu þakkir fyrir alla aðstoð og ómetanlegt starf.

Samstarf í nefndinni var gott og allir nefndarmenn lögðu gott til af þekkingu sinni og skoðunum á málaflokknum. Allir sem í nefndinni störfuðu hafa komið að þeim niðurstöðum sem nú liggja fyrir og eiga þau öll þakkir skyldar fyrir aðkomu sína að niðurtöðunni. Auk þess vil ég þakka öllum nefndarmönnum þá þolinmæði sem þau sýndu mér í störfum nefndarinnar eftir að ég tók fyrirvaralítið við stjórn hennar.

Meginverkefni nefndarinnar samkvæmt skipunarbréfi voru í aðalatriðum þrjú. Í fyrsta lagi að fjalla um starfsgetumat sem komi í stað örorkumats og í annan stað að vinna að einföldun almannatryggingakerfisins auk þess að fjalla um sveigjanleg starfslok.

Lengi vel leit út fyrir að sameiginleg niðurstaða myndi nást og reyndar má segja að starfstími nefndarinnar hafi dregist um allnokkrar vikur meðan þess var freistað. Niðurstaðan varð sú að allir fulltrúar í nefndinni standa að niðurstöðu hennar aðrir en fulltrúar Öryrkjabandalags Íslands og þriggja stjórnarandstöðuflokka. Það kemur á óvart og eru ákveðin vonbrigði að fulltrúar ÖBÍ hafi kosið að hengja þannig félagi sína á flokkspólitískan snaga í stað þess að taka fullan þátt í að gera tímamótabreytingar á því flókna kerfi sem Almannatryggingakerfið er félagsmönnum ÖBÍ til hagsbóta.

Helstu niðurstöður.

Almannatryggingakerfið er og mun verða í enn meira mæli öryggisnet fyrir þá sem ekki eiga í önnur hús að venda. Ljóst er að almenna lífeyrissjóðakerfið mun greiða stærri hluta lífeyris félagsmanna sinna en verið hefur ekki síst í kjölfar SALEK samkomulagsins svonefnda. Nefnd um endurskoðun almannatryggingakerfisins hefur horft til þessara staðreynda í störfum sínum. Nefndin er öll sammála um meginmarkmið sem fela í sér einföldun Almannatryggingakerfisins, sveigjanleg starfslok og upptöku starfsorkumats. Mismunandi áherslur eru uppi um framkvæmd og koma þær fram í bókunum og séráliti aðila við skýrsluna. Ljóst er að mikil aukning mun verða næstu áratugi í hópi aldraðra. Einnig er ljóst að staða aldraðra nú er mjög mismunandi. Það er því mikilvægt að greina nú þegar stöðu aldraðra hvað varðar eftirlaunarétt, búsetuskilyrði og önnur atriði s.s. lyfjakostnað. Almennar aðgerðir líkt og þær sem lagðar eru til í skýrslu nefndarinnar geta ekki fangað stöðu allra. Því þarf að gaumgæfa hvort hægt sé að leysa sérstakan vanda minni hópa með sértækum aðgerðum sem tengjast ekki tillögum nefndarinnar og raski ekki þeirri einföldun Almannatryggingakerfisins sem lögð er til.

Nefndarmönnum varð fljótlega ljóst að mjög mismunandi sjónarmið voru uppi í nefndinni varðandi fyrirkomulag barnalífeyris. Það eru allnokkur vonbrigði en í stað þess að eyða dýrmætum tíma í ágreining þann sem sannarlega var uppi án sjáanlegrar niðurstöðu varð það niðurstaða nefndarinnar að vinna ekki tillögur um

tilhögun barnalífeyris. Nefndin leggur áherslu á að nú þegar verði skipaður hópur sérfræðinga til að gaumgæfa núverandi fyrirkomulag stuðnings við börn og gera tillögur að framtíðarfyrirkomulagi þeirra.


Sveigjanleg starfslok eru ein af niðurstöðum nefndarinnar. Gengið er út frá því að taka lífeyris geti hafist allt frá 65 ára aldri að 75 ára aldri og að í framtíðinni geti lífeyristökualdur hækkað í 80 ár. Réttindi verði lægst hjá þeim sem fara fyrst á eftirlaun en vaxi eftir því sem lífeyristaka dregst lengur. Til þess að þetta verði unnt þarf að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr.70/1996 og hækka þar lífeyristökualdur ríkisstarfsmanna. Ljóst er einnig að gæta þarf að samræmingu réttinda þeirra sem fólk nýtur af hálfu Almannatrygginga og almenna lífeyrissjóðakerfisins. Brýnt er að samtal fari fram meðal ríkisins og lífeyrissjóða því sjóðirnir telja þörf á auknu framlagi ríkisins til þeirra bæði vegna aukins þunga örorkugreiðslna og samræmingar réttinda þeirra sem hefja lífeyristöku á mismunandi tíma. Nefndin leggur áherslu á að samtal ríkis og lífeyrissjóða hefjist sem fyrst og að hópur sérfræðinga verði fenginn til að meta áhrif af breytingum lífeyristökualdurs. Minnt skal á að ávallt hefur verið gert ráð fyrir því að lífeyrissjóðirnir séu sjálfstæðir og sjálfbærir. Fyrirsjáanleg aukning í hópi aldraðra og batnandi lífslíkur þjóðarinnar gera nauðsynlegt að tryggja atvinnutækifæri fyrir þann hluta aldraðra sem vill og er fær um að vinna lengur. Í þessu sambandi má minna á að margir í hópi aldraðra búa yfir margháttaðri reynslu og þekkingu sem mikilvægt er að nýtist þjóðfélaginu sem best.

Samstaða varð ekki í nefndinni varðandi upptöku starfsgetumats eins og sjá má í sérálitum. Það ber að harma því vissulega hefði verið æskilegra að nefndin stæði saman sem einn maður um þessa mikilsverðu breytingu. Í undirritaðri niðurstöðu er lagt til að í stað núverandi örorkumats verði tekið upp starfsgetumat og verði gengið út frá tveimur flokkum starfsgetu þ.e. 25% og 50% starfsgetu. Örorkuþegar eru nú um 17 þúsund og eru aðstæður innan hópsins mjög mismunandi. Brýnt er að ráðist verði í greiningu á aðstæðum og stöðu öryrkja. Tækifærin sem liggja í breytingunni úr örorkumati í starfsgetumat eru ærin. Helstu ástæður örorku í dag eru annarsvegar af andlegum toga og hins vegar vandamál tengd stoðkerfi. Undanfarin ár hefur verið í gangi áttak sem kennt er við VIRK og hefur skilað drjúgum árangri. Með markvissum aðgerðum má ná eftirtektarverðum árangri í endurhæfingu þeirra sem eiga við skerta starfsorku. Það er fyrir miklu að berjast að bæta lífsgæði og lífsfyllingu þeirra sem búa við skerta starfsorku og gera þeim

kleift að taka á ný fullan þátt í samfélaginu, draga þannig úr félagslegri einangrun og ýta undir fjárhagslegt sjálfstæði þessa hóps. Til þess að svo megi verða þarf að gera sameiginlegt átak samtaka atvinnulífsins, sveitarfélaga og ríkisins til að tryggja nauðsynlegan fjölda fjölbreyttra hlutastarfa. Einnig er brýnt að gera átak í því að útrýma fordómum í garð þeirra sem koma aftur til starfa að lokinni endurhæfingu.

Tillögur nefndarinnar fela í sér mestu breytingu á Almannatryggingakerfinu sem gerð hefur verið í áratugi, verði þær að veruleika. Tillögurnar leysa ekki hvers manns vanda en eru gott vegarnesti fyrir stjórnvöld við ákvarðanir til framtíðar. Það er von undirritaðs að skýrsla Pétursnefndarinnar ásamt fylgigögnum verði ríkisstjórn til gagns við framtíðarstefnumótun Almannatryggingakerfisins. Að lokum vill undirritaður færa félags-og húsnæðisráðherra þakkir fyrir það traust sem mér hefur verið sýnt í störfum fyrir Pétursnefnd.

Reykjavík 29. febrúar 2016



Þorsteinn Sæmundsson.

Bókun fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins í tengslum við tillögur nefndar um breytingar á lögum um almannatryggingar

Flóknar reglur samhliða ruglingslegum og ósanngjörnum tekjutengingum í almannatryggingakerfinu hafa leitt til óhagræðis og kostnaðar. Til hefur orðið kerfi sem fáir skilja að fullu og virðist fremur lifa fyrir sig sjálf en að þjónusta og verja hagsmuni þeirra sem þurfa og eiga rétt á greiðslum úr sameiginlegu tryggingakerfi landsmanna.

Pétur heitinn Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, átti sér þann draum að nú tækist ætlunarverkið. Hann leiddi starf nefndarinnar af eindrægni allt undir það síðasta, staðráðinn í að einfalda kerfið og gera það réttlátara. En um leið stóð hann alltaf vörð um hagsmuni ríkissjóðs – hagsmuni skattgreiðenda. Með leiðarljósi Péturs er hægt að breyta almannatryggingakerfinu þannig að það sé sterkt sameiginlegt tryggingakerfi allra landsmanna. En allar breytingar, hvort heldur þær sem nefndin leggur til eða aðrar á síðari stigum, verða að taka mið af því að almannatryggingakerfinu er fyrst og síðast ætlað að styðja við þá sem mest þurfa á aðstoð að halda, til lengri eða skemmri tíma. Það er rétt og skynsamlegt að einfalda kerfið og gera það gagnsærra, en einfaldleikinn má ekki ganga gegn meginmarkmiði almannatrygginga og verða á kostnað þeirra sem verst standa.

Nái megin tillögur nefndar um endurskoðun á lögum um almannatryggingar fram að ganga mun réttarstaða þúsunda einstaklinga skýrast og styrkjast. Kerfið verður einfaldara og réttlátara, jafnt fyrir eldri borgara sem þá er búa við skerta starfsorku. Með innleiðingu starfsgetumats verður til mannlegra og heilbrigðara regluverk gagnvart öryrkjum. Takist vel til má ekki aðeins búast við því að útgjöld ríkissjóðs verði lægri en ella á komandi áratugum heldur og það skiptir mestu, munu lífsgæði þúsunda Íslendinga aukast. Möguleikar til endurhæfingar verða meiri og þátttaka þeirra sem búa við skerta starfsgetu í atvinnulífinu vex með því að dregið verður úr neikvæðum fjárhagslegum hvötum. Þjóðfélagið allt hagnast.

Það er miður að nefndinni hafi ekki borið gæfa til að ná einróma niðurstöðu. Það eru sérstök vonbrigði að Öryrkjabandalag Íslands [ÖBÍ] skuli ekki standa að tillögum nefndarinnar sem miða að því að styrkja verulega stöðu og fjárhagslega afkomu einstaklinga með skerta starfsgetu. ÖBÍ hefur m.a. lagt áherslu á þriggja þrepa hlutabótakerfi. Þótt meirihluti nefndarinnar telji rétt að miða við tveggja þrepa kerfi við innleiðingu starfsgetumats, er eðlilegt að á grundvelli reynslu af nýjum lögum verði sérstaklega hugað að því að fjölga þrepunum í takt við hugmyndir ÖBÍ.

Tillögur nefndarinnar hafa í för með sér mikinn kostnaðarauka fyrir ríkissjóðs á komandi árum. Þótt nefndin hafi látið sérfræðinga meta kostnaðinn er ljóst að mikið verk er eftir svo hægt sé að átta sig á öllum kostnaði og einnig þeim ábata sem hægt og bítandi skilar sér beint og óbeint í framtíðinni. Það er óraunhæft að slíkt mat fari fram fyrir en endanlegt frumvarp félagsmálaráðherra liggur fyrir með ítarlegri greinargerð, nákvæmri útfærslu og efnislýsingu á þeim reglugerðum sem þykja nauðsynlegar. Um leið þarf að tryggja að aukinn kostnaður sem tillögur nefndarinnar fela í sér, endurspeglar í langtímaáætlun um ríkisfjármál. Í þessu sambandi er einnig vert að benda á nauðsyn þess að endurskoða lög um tryggingagjald í samráði við aðila vinnumarkaðarins.

ÖBÍ

Það er því óhjákvæmilegt að góð samvinna verði á milli velferðarráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins við gerð frumvarps um breytingar á lögum um almannatryggingar sem byggja á tillögum nefndarinnar.

Undirritaður styður megin tillögur nefndarinnar en telur nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

- 1) Tillögur nefndarinnar um hækkun lífeyrisaldurs ganga of skammt. Nauðsynlegt er að hækka lífeyrisaldur hraðar en lagt er til. Miklu skiptir að hækkun lífeyrisaldurs í 70 ár komi til framkvæmda á ekki lengri tíma en næstu 15 árum.
 - i) Við breytingar á lögum um lífeyrisaldur hljóta stjórnvöld einnig að meta kosti og galla þess að setja inn í lög ákvæði um reglubundna endurskoðun lífeyrisaldurs út frá lífaldri sem stöðugt verður hærrí. Þannig ætti eftirlaunaaldur að hækka um ákveðið hlutfall af hækkun lífaldurs á 5-10 ára tímabili. Reglan af þessu tagi tryggir ekki síst fyrirsjáanleika fyrir yngri kynslóðir.
- 2) Nefndin gerir ekki tillögur um breytingar á barnalífeyri. Slíkar breytingar eru erfiðar án þess að saman fari umfangsmiklar breytingar á lögum um tekjuskatt einstaklinga. Undirritaður telur hins vegar að framkvæmd barnalífeyris feli í sér stórkostlega mismunun og óréttlæti sem stjórnvöld geti ekki látið viðgangast. Það gengur gegn öllum hugmyndum um jafnræði að foreldrum sé mismunað í gegnum almannatrygginga- og tekjuskattskerfið með þeim hætti sem gert er, allt eftir því hvort viðkomandi er á vinnumarkaði eða utan hans vegna skertrar starfsorku. Vegna þessa er nauðsynlegt að félagsmálaráðherra hafi samvinnu við fjármálaráðuneyti um að útfæra tillögur að breytingum á barnalífeyri. Slíkar breytingar verða ekki gerðar nema með uppstokkun á reglum um barnabætur. Markmiðið er að jafna stöðu lágtekjufólks og afnema þann innbyggða hvata sem nú er fyrir hendi, að hverfa af vinnumarkaði.

Á undanförunum árum hafa verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að endurskoða almannatryggingakerfið. Þrátt fyrir góðan ásetning allra, stjórnmalaflokka, aðila vinnumarkaðarins og hagsmunasamtaka, hefur engin árangur náðst. Aðeins bútasamur hefur átt sér stað en flókið og í mörgu óréttlátt kerfið lifir.

Undirritaður leggur áherslu á að frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar líti dagsins ljós á næstu mánuðum. Með víðtækri samstöðu aðila vinnumarkaðarins og þingflokka er hægt að tryggja framgang frumvarpsins þannig að ný lög taki gildi 1. janúar 2017. Annars er hætta á að frumvarpið dagi uppi og ekki takist að hrinda nauðsynlegum breytingum til hagsbóta fyrir tugþúsundir Íslendinga í framkvæmd fyrr en langt er liðið á næsta kjörtímabil.

Reykjavík 10. febrúar 2016



Óli Björn Kárason

10. febrúar 2016

Bókun ASÍ, BHM, BSRB, KÍ og SA í tengslum við niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatrygginga

Alþýðusamband Íslands, Bandalag háskólamanna, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Kennarasamband Íslands og Samtök atvinnulífsins lýsa stuðningi við megin niðurstöður nefndar um endurskoðun almannatryggingalaga og telja mikilvægt að stjórnvöld hefji þegar í stað undirbúning lagafrumvarps til að breytingar nái fram að ganga á tilsettum tíma, þ.e. 1. janúar 2017. Í tillögunum er tekið á helstu göllum núverandi almannatryggingakerfis með verulegri einföldun lífeyrisgreiðslna, betra samspili við greiðslur lífeyrissjóða og auknum sveigjanleika fyrir lífeyrisþega. Auk þess er lögð áhersla á að meta starfsgetu einstaklinga í stað vangetu þeirra, auka réttindi fólks sem býr við orkuskerðingu á bilinu 25-50% með því að taka upp kerfi hlutabóta og tryggja endurhæfingarmöguleika í stað núverandi örorkubótakerfis sem festir fólk oft í fátækragildru og dregur úr hvata til starfsendurhæfingar og atvinnuþátttöku.

Þær veigamiklu breytingar sem hér eru lagðar til ná til fjölbreytts hóps lífeyrisþega og hafa ólík áhrif á afkomu einstaklinga. Samtökin telja afar mikilvægt að yfirfærslan verði ekki til þess að skapa óvissu um afkomu viðkvæmra hópa og að tryggt verði (með sólarlagsákvæði) að lífeyrir ungra, tekjulágra lífeyrisþega sem fá greiðslur frá almannatryggingum við gildistöku laganna lækki ekki að raungildi við yfirfærslu í nýtt kerfi, vegna afnáms frítekjumarka.

Ekki náðist samstaða í nefndinni um tillögur um breytingar á barnalífeyri almannatrygginga. Þau réttindi sem bótaflokkurinn veitir vinna gegn árangri í starfsendurhæfingu með þeim hætti að bætt heilsa og aukin starfsgeta þeirra sem hans njóta geta lækkað ráðstöfunartekjur þeirra umtalsvert. Samtökin telja því afar brýnt að félagsmálaráðherra og Alþingi beiti sér fyrir því að gerðar verði breytingar hið fyrsta á barnalífeyri sem tryggi jafnræði í framfærslustuðningi við tekjulágt barnafólk, óháð því hvort það hefur launatekjur á vinnumarkaði eða lífeyristekjur. Fyrir liggja tillögur um sameiningu barnalífeyris, almannatrygginga og barnabóta í nýtt kerfi barnatrygginga. Við upptöku samræmdra barnatrygginga telja samtökin nauðsynlegt að þeir lífeyrisþegar, sem hafa fengið úrskurðaðan barnalífeyri almannatrygginga við gildistöku laganna, fái hann áfram þar til börn þeirra ná 18 ára aldri.

Áréttuð er niðurstaða nefndarinnar um að endurskoðaða verði framlög ríkisins til jöfnunar á örorkubyrði lífeyrissjóðanna ef heildarbyrði sjóðanna vegna örorku eykst við það að lífeyrissjóðirnir hætti að líta til greiðslna almannatrygginga við tekjuathugun hjá örorkulífeyrisþegum samhliða upptöku starfsgetumats, upptöku hlutabótakerfisins og einföldunar bótakerfisins. Lífeyriskerfið hefur ekki svigrúm til aukinna greiðslna örorkulífeyris sem að óbreyttu myndu leiða til lækkunar á rétti sjóðsfélaga til ellilífeyris.

 — Geor Brynjarsson
 Hannes G. Sigurðsson
 Valdur S. Jakobsson

Bókun Landssambands eldri borgara um skýrslu og tillögur starfshóps um endurskoðun á lögum um almannatryggingar sem skipaður var af velferðarráðherra í nóvember 2013. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir var skipuð aðalmaður og Haukur Ingibergsson varamaður fyrir LEB.

Landssamband eldri borgara tekur heilshugar undir það markmið endurskoðunarinnar að fækka bótaflokkum, einfalda kerfi almannatrygginga og gera það skiljanlegra fyrir notendur. Með þessum tillögum er verið að sameina grunnlífeyri, tekjutryggingu og framfærsluuppbot í einn flokk ellilífeyris. Með því er framfærsluuppbotin sem er félagslegur stuðningur færð í flokk ellilífeyris. Þarna hafa verið afar mismunandi skerðingarákvæði m.a. 100% skerðing á framfærsluuppbot gagnvart öllum öðrum tekjum. Lagt er til að skerðing á hinum nýja ellilífeyri verði 45% vegna annarra tekna og engin frítekjumörk. Við í Landssambandinu hefðum viljað sjá lægri skerðingarprósentu en 45% og höfum lagt fram tillögu um það og vitnað til þess að í nágrannlöndum okkar er skerðing vegna annarra tekna ýmist engin sbr. atvinnutekjur lífeyrisþega hjá Norðmönnum, eða 30% eftir frítekjumark atvinnutekna, eins og hjá Dönum. Við leggjum til að með batnandi efnahag landsins verði unnið að því að lækka skerðingarákvæði á lífeyrisgreiðslum í áföngum á næstu árum. Tillögurnar gera einnig ráð fyrir að hækka lífeyristökualdur í 70 ár á 24 árum og það höfum við samþykkt. Jafnframt að starfsaldur og lífeyristaka verði sveigjanlegri m.a. að hægt verði að taka 50% lífeyri og stunda 50% vinnu. Þá taki hinn geymdi lífeyri hækkan mánaðarlega samkvæmt tryggingafræðilegu mati, allt að 80 ára aldri lífeyrisþegans. Einnig hefur því verið beint til samtaka opinberra starfsmanna og stjórnvalda að hækka starfsaldur opinberra starfsmanna í 75 ár.

Við lýsum okkur fylgjandi því að tekið sé upp starfsgetumat í stað örorkumats. Útfærsla á því verði unnin í nánú samráði við ÖBÍ og taki gildi í áföngum. Í skýrslunni er gert ráð fyrir að það geti tekið um 15 ár að innleiða það að fullu.

Í þeim útreikningum sem starfshópurinn hefur fengið bæði frá fulltrúa Tryggingarstofnunar og Talnakönnunar munu þær breytingar að sameina bótaflokka og hafa 45% skerðingarhlutfall fyrir allar tekjur aðrar, leiða til hækkunar fyrir lífeyrisþega, nema þá sem hafa atvinnutekjur. Því leggjum við til að áfram verði í gildi frítekjumark hvað varðar þær tekjur. Með þessum breytingum sem lagðar eru til er verið að skapa hvata til meiri þátttöku lífeyrisþega á vinnumarkaði, bæði öryrkja og eldri borgara ef heilsa og geta leyfir og sá hvati verður þá að vera fyrir hendi hvað varðar atvinnutekjur. Þá leggjum við til að endurskoðunarákvæði verði um þær breytingar sem gerðar verða á lögum um almannatryggingar í framhaldi af skýrslu starfshópsins. Sú endurskoðun færi fram eftir 3-5 ár.

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir fulltrúi LEB í starfshópnum.

Haukur Ingibergsson formaður LEB

*Jóna Valg. Kristjánsd. e.
Haukur Ingibergsson*

Bókun Landssamtakanna Þroskahjálpar við niðurstöðu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar.

Landssamtökin Þroskahjálpar lýsa sig sammála þeirri stefnumörkun sem fram kemur í tillögum nefndarinnar um einföldun á bótakerfi almannatrygginga, með fækkun bótaflokka, samræmingu á skerðingarhlutfalli vegna tekna og einföldun á frítekjumarki.

Landssamtökin Þroskahjálpar hafa kynnt sér og eru efnislega sammála mörgum atriðum sem fram koma í sérálitni Öryrkjabandalags Íslands. Samtökin telja hinsvegar að margt í tillögum nefndarinnar sé það mikilvægt að rétt sé að standa að nefndarálitinu með eftirfarandi bókun með það að leiðarljósi að á seinni stigum megi leiðréttu augljósa galla á tillögunum.

Efnislegar athugasemdir.

Fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar í endurskoðunarnefndinni hefur margítrekað að sú einföldun sem hægt væri að ná fram á lífeyrisbótakerfinu mætti ekki leiða til þess að núverandi almannatryggingakerfi gegndi síður því hlutverki sínu að tryggja fólki með engar eða litlar tekjur, aðrar en bætur almannatrygginga, viðunandi lífskjör. Einnig hefur fulltrúi samtakanna lagt áherslu á mikilvægi þess að tryggingabótakerfið virki atvinnuhvetjandi **fyrir alla**.

Í þeim tillögum sem nú liggja fyrir er gert ráð fyrir því að afnema öll frítekjumörk, þar með talið frítekjumark vegna atvinnutekna. Um 1000 öryrkjar eru með atvinnutekjur á bilinu 1-100 þús. kr. á mánuði skv. upplýsingum frá TR frá í september 2015. Þær hugmyndir sem fram hafa verið settar um einhvers konar sérreglu/ákvæði til bráðbirgða til að tryggja að þessir einstaklingar beri ekki minna úr býtum en þeir hafa samkvæmt núgildandi reglum. Slíkt ákvæði er alsendis ófullnægjandi að mati samtakanna, ekki síst í því ljósi að nýtt almannatryggingakerfi skv. tillögum nefndarinnar mun kosta umtalsvert meira en núverandi kerfi. Verði tillögur nefndarinnar að lögum eins og þær liggja fyrir mun ekkert af þeim kostnaðarauka gagnast þessum einstaklingum. Landssamtökin Þroskahjálpar samþykktu umtalverða lækkun á á aldurtengdu uppbót almannatrygginga enda kæmi hún ofan á hinn nýja bótaflokk. Verði hugmyndir nefndarinnar að veruleika verða þeir sem hafa aldurstengda uppbót jafnsettir og þeir eru í dag ef þeir hafa um 50 þús. kr. í atvinnutekjum.

Landssamtökin Þroskahjálpar geta ekki staðið að tillögu sem hefur þessar afleiðingar og leggja samtökin til að viðhaldið verði frítekjumarki vegna atvinnutekna hjá öryrkjum.


Þeir einstaklingar sem hafa atvinnutekjur undir 100 þús. krónum hafa í langflestum tilvikum svo skerta starfsgetu að þeir munu ekki fara á hlutabætur og geta því ekki nýtt sé það svigrúm gagnvart atvinnutekjum sem því fylgir. Samt sem áður er fyllsta ástæða til að hafa reglur þannig að þær séu hvetjandi fyrir þennan hóp til atvinnuþátttöku, eftir getu hvers og eins. Þeim sjálfum og samfélaginu til góðs. Hér er um að ræða fólk sem, oft með töluverðri fyrirhöfn, er að reyna að taka þátt á vinnumarkaði og einnig fólk sem stundar vinnu á vernduðum vinnustöðum sem hluta af starfsþjálfun og almennri endurhæfingu. Einnig ber að hafa í huga að margir einstaklingar sem eru á leið út á

vinnumarkað byrja í hlutastörfum þegar þeir fara að feta sig til aukinnar atvinnuþátttöku. Það er augljóslega letjandi og ósanngjarnt að þeim mæti skerðingar upp á 52.5-45% og síðan sköttun sem samtals þýðir um 70% skerðingu á atvinnutekjum. Einnig má benda á að samkvæmt tillögum um nýtt húsnæðisbótakerfi munu eftirstöðvar þessara tekna síðan skerða greiðslur húsnæðisbóta um 8% . Einnig verður í þessu sambandi að líta til þess að umtalsverður kostnaður fylgir því að koma sér til og frá vinnu, auk annars kostnaðar sem oft fylgir atvinnuþátttöku.

Samtökin styðja þá tillögu nefndarinnar að tekið sé upp starfsgetumat með virkri starfsendurhæfingu og greiðslu hlutabóta. Landssamtökin Þroskahjálpar leggja áherslu á að sett verði endurskoðunarákvæði í þá tillögu þar sem nauðsynlegt er að taka til skoðunar í ljósi reynslunnar mörg atriði tengd upptöku nýs fyrirkomulags. Reynsla annarra þjóða, t.d. Dana, af því að taka upp nýtt kerfi er sú að við svo mikla breytingar koma í ljós ýmis atriði sem þarfnast endurskoðunar.

Reykjavík 12. febrúar 2016

F.h. Landssamtakanna Þroskahjálpar



Friðrik Sigurðsson, fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar í nefndinni



Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

Bókun fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga við niðurstöður nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar

Fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg fengu aðild að nefndinni í mars 2014 og hafa síðan starfað með henni að gerð skýrslunnar.


Sambandið er sammála tillögum um breytt bótakerfi, hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleg starfslok. Þá tekur sambandið undir niðurstöður skýrslunnar um: (1) víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða, (2) nauðsyn þess að í lögum verði kveðið sérstaklega á um samráð við notendur þegar kemur að ákvörðunum um starfsgetu í almannatryggingum og (3) mikilvægi þess að umsýsla verði skilvirkari og biðtíminn stytur þar til niðurstaða liggur fyrir um bótarétt þannig að ekki myndist rof í greiðslum.

Sambandið telur á hinn bóginn að tillaga um þrepaskiptingu í starfsgetumati gangi ekki nógu langt. Til framtíðar eigi stefnan þannig að vera sú að sé starfsgeta metin til meira en helmingis (t.d. 51 - 70%) virkji það rétt til bóta almannatrygginga með hliðstæðum hætti og nú gildir um örorkustyrk. Án þessa viðbótarþreps er viðbúið að fjölga muni í þeim hópi sem óskar eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi enda liggur fyrir að framboð og aðgengi að hlutastörfum er misjafnt eftir landshlutum, árstímum og öðrum utanaðkomandi aðstæðum. Af þeirri ástæðu mun verða kallað eftir því - við innleiðingu á nýju starfsgetumati - að áhrif þess á fjárhag og stjórnsýslu sveitarfélaga verði greind með formlegum hætti.

Sambandið mun jafnframt kalla eftir því að áfram verði unnið að úrlausn þeirra einstaklinga sem ekki munu öðlast full réttindi í almannatryggingakerfinu vegna búsetu í öðru landi, sbr. 6. lið í niðurstöðum nefndarinnar. Hér er m.a. vísað til þeirra erlendu ríkisborgara sem ríkið veitir dvalarleyfi en núverandi fyrirkomulag ýtir þeim hópi yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Í mörgum tilvikum festast þessir einstaklingar inni á fjárhagsaðstoð til langframa, enda hafa sveitarfélögin lítil tæk á því að sannreyna hvort og þá hvaða réttindi viðkomandi eigi annars staðar. Sú staða er óviðunandi fyrir alla hlutaðeigandi auk þess sem óeðlilegt er að annað stjórnsýslustigið skerði einstaklingsbundin réttindi til þess eins að auka útgjöld hins stjórnsýslustigsins.

Reykjavík, 8. febrúar 2016

Gyða Hjartardóttir
Tryggvi Þórhallsson





8.febrúar 2016

Formleg bókun fulltrúa velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í nefnd um endurskoðun almannatrygginga.

Fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg fengu aðild að nefndinni í mars 2014 og hafa síðan starfað með henni að gerð skýrslunnar.

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar er sammála tillögum um breytt bótakerfi, hækkun lífeyrisaldurs og sveigjanleg starfslok. Þá tekur velferðarsvið eins og sambandið undir niðurstöður skýrslunnar um: (1) víxlverkanir í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða, (2) nauðsyn þess að í lögum verði kveðið sérstaklega á um samráð við notendur þegar kemur að ákvörðunum um starfsgetu í almannatryggingum og (3) mikilvægi þess að umsýsla verði skilvirkari og biðtíminn styttr þar til niðurstaða liggur fyrir um bótarétt þannig að ekki myndist rof í greiðslum.

Velferðarsvið eins og sambandið telur á hinn bóginn að tillaga um þrepaskiptingu í starfsgetumati gangi ekki nógu langt. Til framtíðar eigi stefnan þannig að vera sú að það sé starfsgeta metin til meira en helmingis (t.d. 51 - 70%) virki það rétt til bóta almannatrygginga með hliðstæðum hætti og nú gildir um örorkustyrk. Án þessa viðbótarþreps er viðbúið að fjölga muni í þeim hópi sem óskar eftir fjárhagsaðstoð frá sínu sveitarfélagi enda liggur fyrir að framboð og aðgengi að hlutastörfum er misjafnt eftir landshlutum, árstímum og öðrum utanaðkomandi aðstæðum. Af þeirri ástæðu mun verða kallað eftir því - við innleiðingu á nýju starfsgetumati - að áhrif þess á fjárhag og stjórnsýslu sveitarfélaga verði greind með formlegum hætti.

Með áherslu á starfsgetumat og þátttöku á vinnumarkaði er nauðsynlegt að starfsendurhæfingarúrræði séu í formlegu samstarfi við fyrirtæki á vinnumarkaði. Reynsla frá öðrum löndum sýnir að formleg samvinna að þessu tagi gefur betri árnagur. Tillögur nefndarinnar lúta ekki að slíku samstarfi sem er áhyggjuefni þar sem hana skortir þar með úrræði til að mæta aukinni áherslu á atvinnuþátttöku einstaklinga með skerta starfsgetu. Einnig telur velferðarsvið mikilvægt að stuðla að því að hvati til að stunda vinnu sé aukinn með takmörkun á tekjuskerðingum þeirra sem þiggja bætur vegna skertrar starfsgetu.

Velferðarsvið eins og sambandið mun jafnframt kalla eftir því að áfram verði unnið að úrlausn þeirra einstaklinga sem ekki munu öðlast full réttindi í almannatryggingakerfinu vegna búsetu í öðru landi, sbr. 6. lið í niðurstöðum nefndarinnar. Núverandi fyrirkomulag dregur fólk í dilka með því að hluti þeirra erlendu ríkisborgara sem ríkið ákveður að veita dvalarleyfi, þar á meðal kvótaflóttamenn, njóta frá upphafi fullra réttinda innan

almannatrygginga. Hinn hluti þess hóps sem ríkið ákveður að veita leyfi til dvalar mun hins vegar ekki öðlast full réttindi í almannatryggingakerfinu og í sumum tilvikum verða réttlaus alla ævi. Ákvarðanir ríkisins ýta einstaklingum í þessum síðarnefnda hópi yfir á fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, þar sem þeir í mörgum tilvikum festast til langframa, enda hafa sveitarfélögin lítil tök á því að sannreyna hvort og þá hvaða réttindi viðkomandi eigi annars staðar. Sú staða er óviðunandi fyrir alla hlutaðeigandi auk þess sem óeðlilegt er að annað stjórnsýslustigið skerði einstaklingsbundin réttindi til þess eins að auka útgjöld hins stjórnsýslustigsins.

Erla björg Sigurðardóttir
Deildarstjóri gæða og rannsókna
Velferðarviði Reykjavíkurborgar

E R B. Sigurðardóttir

8/2 2016

Sérálit við skýrslu hluta nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar, dags. 10.1.2016.

Inngangur

Sú grunnhugmynd að baki starfsgetumats, að horfa fremur til færni einstaklings en skerðinga er jákvæð. Útfærsla starfsgetumats skiptir miklu máli og ekki síður umgjörð þess og framkvæmd. Starfsgeta snýst m.a. um samspil einstaklinga og umhverfis, því þarf að taka á viðfangsefninu með mun heildstæðari hætti en gert er í skýrslunni. Reynsla annarra þjóða er sú að einstaklingar verða skyldaðir til að fara í starfsendurhæfingu sem undanfara starfsgetumats, en það ferli getur tekið nokkur ár. Því er afar mikilvægt að ramminn utan um starfsgetumatið verði skýr, innkoma einstaklinga inn í kerfið verði skýrt afmörkuð og réttur þeirra tryggður í hvívetna.

I. Undirrituð eru fylgjandi eftirfarandi tillögum að breytingum laga um almannatryggingar sem fram koma í skýrslunni:

- a) **Sérstök framfærsluuppbot verði felld inn í sameinaðan bótaflokk (lífeyri)**
Breytingin hefði í för með sér afnám „krónu á móti krónu“ skerðingar, auk þess sem hún myndi einfalda kerfið og gera það skiljanlegra. „Krónu á móti krónu“ skerðing í núverandi kerfi hefur m.a. hamlað atvinnuþátttöku lífeyrisþega.
- b) **Afnám innbyrðis skerðingar bótaflokka**
Viðbót við lífeyri, sem kemur í stað aldurstengdrar örorkuuppbotar, bætist ofan á sameiginlegan bótaflokk og myndi taka út innbyrðis skerðingu tveggja bótaflokka. Frá 2008 hefur aldurstengda örorkuuppbotin skert sérstaka framfærsluuppbot. Um er að ræða jákvæða breytingu, þó með þeim fyrirvara að núverandi fjárhæð (39.862 kr. á mánuði) haldi sér og hækki árlega í samræmi við hækkun lífeyris.
- c) **Afnám víxlverkana í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða**
Lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna.
- d) **Heimilisuppbot verði áfram sérstakur bótaflokkur og tilheyri lögum um félagslega aðstoð líkt og nú**
Jafnframt er tekið undir að endurskoða eigi þær skilgreiningar sem eru að baki fjárhagslegu hagræði þess að búa með öðrum
- e) **Stoðþjónustu- og starfsgetumat verði aðskilið**
Greiðslur vegna stoðþjónustu og hjálpartækja verða ótengdar tekjum eða lífeyri til framfærslu.
- f) **Eitt sameiginlegt mat**
Eitt sameiginlegt mat fyrir almannatryggingar og lífeyrissjóði er jákvæð breyting að því gefnu að slíkt mat sé ávallt kæránlegt og framkvæmdin lúti stjórnsýslulögum.

II. Undirrituð eru andvíg eftirfarandi tillögum að breytingum laga um almannatryggingar í skýrslunni:

a) Framfærsluviðmiðið óbreytt

Hluti nefndarinnar leggur til að festa eigi í sessi núverandi framfærsluviðmiðið. Aukið fjárframlag til almannatrygginga mun því ekki skila sér til lífeyrisþega, sem hafa engar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga.

b) Óljóst hvernig hækka eigi lífeyri

Í skýrslunni er ekki kveðið skýrt á um hvernig lífeyrir eigi að hækka í samræmi við krónutöluhækkun lægstu launa. Lífeyrir (án heimilisuppbótar og viðbótar) skal vera að minnsta kosti jafn hár og lágmarkslaun hverju sinni. Í þessu samhengi er rétt að hafa í huga að frá því nefndin tók til starfa í lok árs 2013 hafa efnahagslegar aðstæður þjóðarbúsins vænkast verulega og þar með hafa forsendur breyst. Fjárhæðir almannatrygginga hafa ekki fylgt launaþróun og lífeyrir hækkað mun minna en lægstu laun og er kjaragliðnun síðustu ára enn óbætt.

c) Of hátt skerðingarhlutfall vegna tekna

Í skýrslunni er lagt til 45% skerðingarhlutfall á allar tekjur, með einni undantekningu (sjá lið II d). Skerðingarhlutfall vegna tekna myndi hækka úr 38,35% í 45%. 45% skerðingarhlutfall þýðir að lífeyrisþegi heldur eftir 322 kr. af 1.000 kr. tekjum annars staðar frá, eftir að tekjuskattur hefur verið dreginn frá. Í útreikningum með tillögnum er heimilisuppbótin áfram afleiddur bótaflokkur og því yrði skerðingarhlutfall þeirra sem fá hana greidda yfir 50%. Fjárhagslegur hvati er því enginn fyrir þá sem falla í þennan hóp.

d) Lítil sem enginn hvati til atvinnuþátttöku – afnám frítekjumarka og hátt skerðingarhlutfall

Frítekjumörkin draga úr skerðingum hjá þeim lífeyrisþegum, sem geta nýtt sér þau. Í nefndinni náðist ekki samstaða um hvort meðhöndla ætti allar tekjur eins eða hvort áhrif þeirra ættu að vera mismunandi eftir tegundum tekna. Í skýrslunni er lagt til að allar tekjur verði meðhöndlaðar eins, þ.e. án frítekjumarks, með þeirri einu undantekningu að atvinnutekjur einstaklinga í 1. þrepi (26-50% starfsgeta) hafi engin áhrif á útreikning lífeyris. Afnám frítekjumarks fyrir atvinnutekjur samhliða 45% skerðingarhlutfalli myndi taka út allan hvata til atvinnuþátttöku fyrir einstaklinga í 2. þrepi (0-25%). Við teljum óásættanlegt að meðhöndla tekjur þessara einstaklinga á þennan hátt og að tillögurnar feli í sér mismunun gagnvart þeim sem fá lægra starfsgetumat og hafa minni möguleika á atvinnuþátttöku.

e) Innleiðing 2ja þrepa kerfis

Í núverandi kerfi getur 75% örorkumat veitt rétt til fullra greiðslna. Mat upp á 50-74% örorku veitir lítinn sem engan rétt (örorkustyrk). Þetta hefur verið gagnrýnt og talið óréttlátt. Innleiðing 2ja þrepa kerfis leysir ekki þennan vanda og myndi í raun viðhalda núverandi skiptingu. Því er mikilvægt að lögð verði til ný/önnur skipting sem er atvinnuhvetjandi og veitir einstaklingum með skerta starfsgetu aukið svigrúm til að fóta sig á vinnumarkaði án þess að greiðslur falli niður.

f) Engin réttarbót fyrir einstaklinga með hlutfallslegan lífeyri vegna fyrri búsetu erlendis

Í tillögum skýrslunnar er ekki að finna neina réttarbót fyrir þennan hóp. Rúmlega 80% örorkulífeyrisþega í þessari stöðu fá engar greiðslur frá fyrri

búsetulandi, þrátt fyrir millirikjasamninga.¹ Tillögur nefndarinnar valda því enn fremur að greiðslur til þessa hóps verða lægri í nýju kerfi, en um er að ræða lífeyrisþega með lægstu heildartekjurnar, sem oft á tíðum eru undir skilgreindum framfærsluviðmiðum.²

III. Undirrituð benda á að í skýrslunni er neðangreindum álitaeftum og spurningum um starfsgetumat ósvarað og/eða hafa ekki fengið umfjöllun.

a) Skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir innleiðingu starfsgetumats og ekki eru ekki tilgreind í skýrslunni

- Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verði fullgiltur og lögfestur.
- Sett verði lög sem banna mismunun á vinnumarkaði. Lögin skulu tryggja viðeigandi aðlögun á vinnumarkaði með skýrum hætti.
- Allt starfsgetumatsferlið og ákvarðanir um greiðslur á grundvelli þess lúti stjórnsýslulögum.
- Öllum verði tryggð viðunandi framfærsla.

b) Ekki er samstaða um fjárhæðir sem settar voru inn í nýjustu drögum skýrslunnar

Í nýjustu drögum skýrslunnar, dags. 10.2.2016, eru settar inn fjárhæðir fyrir viðbót og heimilisuppbót, sem ekki hafa verið ræddar og/eða ekki er samstaða um í nefndinni. Í sérálitinu undir lið 1 b) er settur fyrirvari um að núverandi fjárhæð (39.862 kr. á mánuði) fyrir viðbótina haldi sér og hækki árlega í samræmi við hækkun lífeyris. Alls er óljóst hvernig upphæð heimilisuuppbótar 34.126 kr. er tilkomin í skýrsludrögum, en óskert heimilisuppbót árið 2016 er 37.071 kr.

c) Útfærsla starfsgetumats er mjög óljós

Útfærsla starfsgetumats er um margt óljós og mörgum spurningum er ósvarað, m.a. varðandi hver muni framkvæma starfsgetumat, hvernig framkvæmd þess verður háttað, hver réttarstaða umsækjenda verður og á hverju starfsgetumat muni byggja (t.d. hvaða hugmyndafræði).

Í dag er vinnumarkaðurinn, bæði opinberi og almenni geirinn, ekki nægilega tilbúinn að veita fólki með skerta starfsgetu hlutastörf og/eða störf með sveigjanleika. Því er ljóst að fjöldi fólks með skerta starfsgetu verður áfram án atvinnu ef ekki er farið í frekari aðgerðir af hálfu stjórnvalda og sérstakar aðgerðir með Samtökum atvinnulífsins og tengdum aðilum. Í skýrslunni er ekki tekið á því hvernig framfærslu þeirra einstaklinga skuli háttað sem metnir verða með 50-74% starfsgetu og eru án atvinnutekna.

Starfsendurhæfing er tiltölulega ný af nálinni á Íslandi og við eigum enn langt í land með að þróa úrræði fyrir ólíka hópa, fjölga þeim og bæta. Breyta þarf m.a. lögum um sjúkratryggingar til að allt fatlað fólk hafi tryggingu og jafnan

¹ Sbr. svar félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn um búsetuland og greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega. Þskj. 1185 - 601. mál.

² Sbr. svar félags- og húsnæðismálaráðherra við fyrirspurn um greiðslu almannatrygginga til örorkulífeyrisþega. Þskj. 444. - 235. mál.

aðgang að hjálpartækjum. Skilgreina þarf mun betur hvað fellur undir „stoðþjónustu“.


Sökum þess hversu útfærsla starfsgetumats er óljós er óraunhæft að taka upp nýtt kerfi fyrr en búið er að svara þessum spurningum og öðrum ósvörðum spurningum hér að ofan. Í skýrsluna vantar enn fremur tillögu um að starfsgetumat verði tekið til endurskoðunar innan ákveðins árafjölda, eftir upptöku þess, með það fyrir augum að meta reynsluna og gera breytingar.

Lokaorð

Vinna nefndarinnar um endurskoðun laga um almannatryggingar hefur að mörgu leyti verið gagnleg til að draga fram þær áskoranir sem þarf að takast á við til að hanna nýtt almannatryggingakerfi. Ljóst er að þeir hagsmunaaðilar sem sátu í nefndinni hafa ólíkra hagsmuna að gæta. Undir almannatryggingum og lífeyrissjóðum liggja miklir fjármunir eða rúmlega 150 milljarðar króna á ársgrundvelli. Að hanna almannatryggingakerfi sem hentar öllum aðilum, þ.e. jafnt einstaklingum og rekstraraðilum (þ.e. ríki og lífeyrissjóðum) er afar flókið viðfangsefni. Fyrir svo umfangsmikla breytingu á löggjöfinni sem hluti af heildarendurskoðun er, þurfa úrvinnsla og fyrirkomulag lykillaþátta að liggja fyrir áður en endanleg afgreiðsla fer fram, að mati undirritaðra. Þá væri eflaust vænlegri nálgun að hanna fyrirkomulag starfsgetumats, starfsendurhæfingar og greiðslufyrirkomulags fyrir þá einstaklinga með skerta starfsgetu, sem koma nýir inn. Við endurmat ættu allir umsækjendur óháð aldri að hafa val um hvort þeir fari inn í nýja kerfið eða verði áfram í núverandi kerfi.

Það er von undirritaðra að farið verði strax í að draga verulega úr tekjuskurðingum í almannatryggingakerfinu og tryggja fólki mannsæmandi framfærslu, óháð innleiðingu starfsgetumats. Mikilvægt skref í þá veru væri að fella sérstöku framfærsluuppbótina inn í tekjutryggingu og afnema þar með „krónu á móti krónu“ skerðingar.

Reykjavík, 11.2.2016.



Björt Ólafsdóttir
Björt framtíð


Halldór Sævar Guðbergsson
Öryrkjabandalag Íslands


Klara Geirsdóttir
Öryrkjabandalag Íslands


Guðmundur Ingi Kristinsson
Píratar


Helgi Hjörvar
Samfylkingin


Steinunn Þóra Árnadóttir
Vinstri hreyfingin - grænt framboð

Greinargerð ÖBÍ: Viðbót við sérálit, dags 11.01.2016.

I. Fjárhæðir

Í nefnd um endurskoðun laga um almannatryggingar var lítil umræða um fjárhæðir lífeyrisgreiðslna, en þetta atriði skiptir örorkulífeyrisþega einna mestu máli í dag. Frá því nefndin tók til starfa hafa orðið miklar launahækkunar á vinnumarkaði og lífeyrisþegar hafa setið eftir. Lífeyrir almannatrygginga hækkaði um 9,7% um síðustu áramót og kom sú hækkun talsvert seinna en launahækkunar á vinnumarkaði auk þess sem launþegar fengu í flestum tilvikum afturvirkar hækkunar frá maí eða mars 2015. Lægstu laun hækkuðu um 31.000 kr. á mánuði frá 1.5.2015 en hækkunin hjá lífeyrisþegum með engar aðrar tekjur (framfærsluviðmið)¹ í byrjun árs 2015 var 5.649 kr. á mánuði og myndi verða 18.814 kr. mánuði í janúar 2016 í kjölfar 9,7% hækkunar. Mjög fámennur hópur lífeyrisþega fékk hámarkshækkun, enda var miðað við einstaklinga sem ekki eru með neinar aðrar tekjur en lífeyri almannatrygginga sér til framfærslu. Meginþorri lífeyrisþega fékk minni hækkunar. Samanlögð hækkun beggja ára, 24.463 kr. á mánuði, nær því ekki upp í hækkun lágmarkslauna í maí síðastliðnum.

Samkvæmt drögum að skýrslu nefndar um endurskoðun almannatrygginga er hins vegar „markmiðið að ... festa í sessi þá lágmarksfjárhæð sem framfærsluuppbótin tryggir þeim sem hafa lægstu tekjurnar í dag ...“. Með því að festa í sessi núverandi framfærsluviðmið er algjörlega horft framhjá kjaragliðnun síðustu ára. Minnt er á að fyrir síðustu alþingiskosningar voru gefin loforð um leiðréttingu kjaragliðnunar sem varð í kjölfar efnahagshrunsins. Í viðauka 1 við skýrsluna *Virkt samfélag: Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess er að finna útreikning kjaragliðnunar frá árinu 2009.*

II. Áhrif atvinnutekna

Í tillögum ÖBÍ í skýrslunni *Virkt samfélag* er hvati til atvinnuþátttöku tryggður með frítekjumarki óháð útkomu starfsgetumats. Frítekjumark vegna atvinnutekna fylgir skattþrepunum. Lífeyrisgreiðslur falla því niður ef atvinnutekjur eru yfir 784.619 kr. á mánuði.²

Í skýrslu hluta nefndar um endurskoðun almannatrygginga er tillaga um að einstaklingur með um 50% starfsgetu geti unnið 50% starf þar sem engin skerðing er vegna atvinnutekna. Hvernig á hið opinbera að sinna eftirliti með starfshlutfalli lífeyrisþega, sem eru með 50% starfsgetu?

III. Tekjuskerðing

Í skýrsludrögum er lögð til 45% skerðing af öllum samanlögðum tekjum „Þessi lífeyrir lækki um 45% af öllum samanlögðum tekjum viðkomandi utan séreignasparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga...“ (töluliður 1. Breytt bótakerfi). Tvær ábendingar eru við ofangreinda setningu:

¹ Hækkun framfærsluviðmiðar TR án heimilisuppbót. Einungis um 30% lífeyrisþega fá heimilisuppbótina greidda. Framfærsluviðmið með heimilisuppbót var 6.555 kr. í janúar 2015. 9,7% hækkun framfærsluviðmiðs með heimilisuppbót er hækkun um kr. 21.832 kr.

² Skýrslan *Virkt samfélag* er frá árinu 2015 og því er miðað við upphæðir þess árs.

- a) Eingöngu skattskyldar tekjur geti skert lífeyri almannatrygginga.
- b) Greiðslur vegna kostnaðar s.s. uppbætur á lífeyri³, uppbætur vegna reksturs bifreiðar⁴ sé einnig haldið fyrir utan. Þessar greiðslur eru skattskyldar í dag og hefur ÖBÍ gert athugasemdir við það.

Greiðslur sem í núverandi kerfi skerða ekki sérstaka framfærsluuppbót, ættu ekki að teljast til tekna og skerða sameinaðan bótaflokk. Í skýrslunni *Virkt samfélag* er lagt til að frítekjumörk vegna fjármagns- og lífeyrissjóðstekna verði sameinað í eitt (sjá nánar í kafla 7.2).

IV. Framfærsla samhliða 50% starfsgetumati

Í skýrslu hluta nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar er óleyst með hvaða tekjum einstaklingar með 50% starfsgetumat og engar atvinnutekjur eiga að geta framfleytt sér. ÖBÍ er með tillögu þar að lútandi í skýrslunni *Virkt samfélag*, sjá nánar í kafla 8.2)

V. Víxlverkunin í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða

Úr skýrslu hluta nefndarinnar (5. töluliður): „Nefndin leggur til að lífeyrissjóðir hætti að líta til greiðslna frá almannatryggingum við tekjuathugun vegna örorkulífeyrisgreiðslna. Það skal gert samhliða upptöku starfsgetumats og sameiningu þriggja bótaflokka.“

Innleiðing starfsgetumats er nokkurra ára ferli. Ráðstafanir til að draga verulega úr tekjuskerðingum og einfalda kerfið er mjög vel hægt að framkvæma á næstum mánuðum og er mikil þörf þar á. Mjög brýnt er að vandi vegna víxlverkana í samspili almannatrygginga og lífeyrissjóða verði leystur, (sbr. ofangreinda tilvitnun) samhliða því að dregið verði úr tekjuskerðingum hjá almannatryggingum og ekki verið beðið með slíkar breytingar þar til starfsgetumat verður innleitt. Í skýrslunni *Virkt samfélag* (kafla 8.3) er lögð áhersla á mikilvægi þess að sett verði lög til að koma í veg fyrir víxlverkanir nú þegar, sem feli í sér lausn til framtíðar.

VI. Útfærsla og framkvæmd starfsgetumats

Útfærsla og framkvæmd starfsgetumats er mjög óljós. Á hverju á starfsgetumatið að byggja? Hver á að framkvæma það? Í skýrslunni segir aðeins að skilgreina þurfi kröfur sem gerðar verða til aðila er annast framkvæmd starfsendurhæfingar og starfsgetumats. Tekið er fram í skýrslunni að skilgreina þurfi á hvaða gögnum TR byggi ákvörðun sína sem og sjónarmiðum og viðmiðum sem TR beri að líta til, en ekkert er minnst á lífeyrissjóðina í því sambandi. Í nágildandi lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/2007 segir um örorkumat: (7. mgr. 15.gr). „Í samþykktir lífeyrissjóðs skulu sett frekari ákvæði um örorkulífeyri, svo sem um örorkumat, fjárhæð örorkulífeyris, útreikning og skilyrði fyrir greiðslu hans.“ Lögin segja því í raun ekkert til um framkvæmd örorkumats. Í skýrslunni *Virkt samfélag* er að finna tillögur að framkvæmd og útfærslu starfsgetumats (kaflar 2.8 og 2.9). Þar er enn fremur lagt til að tímalengd greiðslna endurhæfingarlífeyris verði í samræmi við endurhæfingaráætlun og lögð áhersla á nám sé hluti af endurhæfingu.

³ Skv. 9. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

⁴ Skv. 10. gr. laga um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

VII. Starfsgetumat og stjórnsýslulög

Í skýrslunni kemur fram að nýja matskerfið verði notað bæði í almannatryggingum og lífeyrissjóðum. Ef báðir aðilar framkvæma starfsgetumat þá getur komið upp sú staða að þeir komist að mismunandi niðurstöðu hjá sama einstaklingi. Í skýrslunni (undir töluíð 7) segir að ákvörðun um starfsgetu og bótarétt í almannatryggingum sé stjórnsýsluákvörðun og kæránleg. Hvað með ákvarðanir lífeyrissjóða og VIRK starfsendurhæfingarsjóðs, sem í dag falla ekki undir stjórnsýslulög og eru ekki kæránlegar? Eða á ákvörðun starfsgetu og rétt til lífeyris að vera tekin annars staðar en hjá lífeyrissjóðunum og VIRK? Í skýrslunni *Virkt samfélag* er gerð sú krafa að allt ferli starfsgetumats lúti stjórnsýslulögum og að ákvarðanir verði rökstuddar og kæránlegar til æðra setts stjórnvalds (sjá nánar í 3. og 4. kafla).

VIII. Einstaklingar með hlutfallslegar greiðslur

Mál lífeyrisþega með hlutfallslegar lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum vegna fyrri búsetu erlendis fékk nær enga umfjöllun í nefndinni. Árið 2014 var settur af stað starfshópur (sérfræðingahópur), sem skoða átti stöðu þessa hóps. Hópurinn hittist tvisvar á árinu 2014 og var engin niðurstaða úr þeirra starfi. Formaður ÖBÍ skrifaði bréf til formanns nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar, dags. 30.6.2015, þar sem óskað var svara um hvert framhaldið verði á starfi undirnefndarinnar/sérfræðingahópsins, hvort og þá hvenær honum sé ætlað að leggja fram tillögur til ráðherra.

Í svörum við fyrirspun á Alþingi um stöðu þessara einstaklinga⁵ hefur verið vísað til þess að beðið sé eftir tillögum nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar.

Lífeyrisþegar með hlutfallslegar lífeyrisgreiðslur frá almannatryggingum eru oft á tíðum með lægstu heildartekjur allra lífeyrisþega. Heildartekjur þeirra eru nær undantekningarlaust undir skilgreindu framfærsluviðmiði TR, eins og fram kemur í svari félags- og tryggingamálaráðherra dags 17.11.2015 við fyrirspurn um greiðslur almannatrygginga til örorkulífeyrisþega.⁶ Staða þeirra mun versna ef framfærsluuppbotin verður felld inn í sameinaðan bótaflokk án þess að gera ráðstafanir á móti til að koma í veg fyrir lækkun lífeyrisgreiðslna til þessa hóps. Tillaga að lausn er að finna í skýrslu ÖBÍ *Virkt samfélag* (sjá nánar kafla 7.4).

Í skýrslunni undir *Staða einstaklinga sem ekki eru með full réttindi* (töluíður 6) segir að fella þurfi brott undanþágu frá 3ja ára lágmarksskilyrðinu. Í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 er ákvæði um að til að eiga rétt til örorkulífeyris þurfi umsækjendur að hafa verið búsettir á Íslandi a.m.k. þrjú síðustu árin áður en umsókn er lögð fram eða í sex mánuði ef starfsorka var óskert fyrir búsetu. Ef einstaklingur hefur haft búsetu á EES svæðinu, þá nægir eins árs búseta hér á landi. Því er hér ekki um að ræða undanþágu frá 3ja ára skilyrðinu heldur ákvæði sem á við um alla sem flytja til Íslands frá löndum innan EES eftir búsetu þar.

IX. Sameining bótaflokka

Samkvæmt skýrslu hluta nefndar um endurskoðun almannatrygginga mun grunnlífeyrir fara inn í einn sameinaðan bótaflokk, lífeyri. Eins og fram kemur í

⁵ <http://www.althingi.is/altext/upptokur/raeda/?raeda=rad20150413T194809>

⁶ Þingskjal 444 – 235. mál. <http://www.althingi.is/altext/145/s/0444.html>

skýrslunni *Virkt samfélag*, er lagt til að grunnlífeyririnn standi fyrir utan sameinaðan bótaflokk.

X. Skilgreiningar

Nær engar skilgreiningar á hugtakanotkun er að finna í skýrslu. Hvað er t.d. átt við með starfsgeta? Hvað er 100% starfsgeta?

XI. Starfsendurhæfing forsenda fyrir greiðslum

Skv. tölulið 7 í skýrslunni er þátttaka í starfsendurhæfingu forsenda fyrir greiðslum í hinu nýja kerfi. Eiga allir erindi í starfsendurhæfingu?

XII. Stoðþjónusta og hjálpartæki

Úr skýrslu nefndarinnar: „Slíkt mat standi til boða eftir slys/veikindi ...“ Ábending: Stoðþjónustumat þarf einnig að ná til þeirra, sem er með meðfæddar skerðingar.

Frekari ábendingar: Einstaklingar þurfa að geta farið fram á endurskoðun matsins. Hvergi er minnst á Notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) eða túlkþjónustu.

Breytingatillaga: „Einstaklingur greiði ekki fyrir viðeigandi hjálpartæki sem tengjast sérstaklega þátttöku hans á vinnumarkaði.“ (orðið sérstaklega ætti að fara út).

Í skýrslunni *Virkt samfélag* í kafla 2.5 eru að finna tillögur ÖBÍ um stoðþjónustu.

Greinargerðin er lögð fram til viðbótar við sérálit dags. 10.2.2016. Með greinargerðinni er lögð fram skýrslan *Virkt samfélag: Tillögur ÖBÍ að heildstæðu kerfi starfsgetumats og framfærslu á grundvelli þess*. Tölulegar upplýsingar í skýrslunni miðast við árið 2015 og því þarf að uppfæra þær.

Reykjavík, 15.2.2016



Halldór Sævar Guðbergsson
Öryrkjabandalag Íslands



Klara Geirsdóttir
Öryrkjabandalag Íslands

Vinstrihreyfingin - grænt framboð tekur undir sérálit Öryrkjabandalags Íslands við niðurstöðu nefndar um endurskoðun almannatryggingakerfisins og þær athugasemdir sem þar eru settar fram og lýsir vonbrigðum yfir að ekki hafi náðst samstaða um breytingar á örorkulífeyriskerfinu.

Í starfi nefndarinnar ríkti meiri sátt um málefni eldri borgara og voru færð sannfærandi rök fyrir hækkun lífeyrisaldurs úr 67 í 70 ár. Ljóst er að ýmsir munu hnjóta um þá tillögu, en þar hlýtur að teljast veigamikil að Landsamband eldri borgara hefur ekki lýst sig andsnúið breytingunni þrátt fyrir fyrirvara við framkvæmd tiltekinna þátta. Taka Vinstri græn undir þær athugasemdir sem fram koma í bókun Landsambands eldri borgara.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð telur mikilvægt að samhliða breytingu af þessu tagi sé sveigjanleiki í starfslokum aukinn. Þá sé mikilvægt að líta til þess að eldra fólk sem missir vinnu á erfiðara með að fá ný störf en þeir sem yngri eru. Ef ekki kemur til viðhorfsbreyting meðal atvinnurekenda varðandi ráðningar á eldra fólk er hætt við að hækkun lífeyrisaldurs leiði einfaldlega til aukins atvinnuleysis meðal eldra fólks. Jafnframt er viðbúið að hækkun lífeyrisaldurs leiði til fjölgunar öryrkja í aldurshópnum 67 til 69 ára.

Vinstrihreyfingin – grænt framboð leggst því ekki gegn fyrirhugaðri hækkun á lífeyrisaldri en telur að huga verði sérstaklega að lausnum á þeim vandamálum sem óhjákvæmilega leiða af breytingunum.

Reykjavík 11.2.2016



Ólafur Þór Gunnarsson



Steinunn Þóra Árnadóttir

Bókun fulltrúa Samfylkingarinnar í nefnd um endurskoðun almannatrygginga

Samfylkingin lýsir vonbrigðum yfir því að ekki hafi verið kappkostað að ná samstöðu í nefndinni en tekur undir sérálit Öryrkjabandalagsins og þær athugasemdir sem þar komar fram varðandi örorkulífeyri. Um leið fögnum við þeim hluta tillagnanna sem lúta að breytingum á ellilífeyri og eru framhald þeirrar góðu vinnu sem unnin var í Árnaneftinni svokölluðu undir forystu Árna Gunnarssonar. Í tillögum meirihlutans eru ýmis atriði sem bæði leiða til einföldunar, meiri sanngirni og bættra kjara hjá þeim sem hafa nokkrar tekjur úr lífeyrissjóði. Mikilvægast er að fallið er frá svokallaðri „krónu á móti krónu skerðingu.“ Ýmislegt fleira má tína til sem horfir til framfara í tillögunum en Samfylkingin tekur að öðru leyti undir þær athugasemdir sem koma fram í bókun Landssambands eldri borgara.

Reykjavík 11. febrúar 2016

Helgi Hjörvar

Hafnarfjörður 12.02.2016

Undirritaður mun ekki skrifa upp á lokadrög að skýrslu nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar dags. 10.02.2016, en hef skrifað upp á sérálit hluta nefndar um endurskoðun laga um almannatryggingar

Greinagerð Guðmundar Inga Kristinssonar sem er fyrir Pírata í endurskoðunarnefndinni.

Nefndin leggur til að greiða einn lífeyri til elli- og örorkulífeyrisþega í stað grunnlífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar og þessi lífeyrir lækki um 45% af öllum samanlögðum tekjum viðkomandi eftir að tekjuskattur hefur verið dreginn frá, utan séreignarlífeyrissparnaðar og fjárhagsaðstoðar sveitafélaga, og verði án frítekjumarka, sem verði lögð niður.

Úthlutunarnefndir listamannalauna, starfa samkvæmt lögum nr. 57/2009 og reglugerð nr. 834/2009. Samkvæmt fjárlögum 2016 nema starfslaun listamanna 351.400 kr. á mánuði (ekki 339.464 kr. sem voru reiknaðar út frá frumvarpi til fjárlaga). Hækkun milli ára nemur 9,2% frá síðasta ári, eftir að tekið hefur verið tillit til ýmissa þátta þar á meðal kjarasamninga. **Um verktakagreiðslur er að ræða.**

351.400 kr. á mánuði nema starfslaun listamanna sem þeim finnst ekki há (þetta eru bætur frá ríkinu) **sem eru verktakagreiðslur og án allrar skerðingar.**

Á sama tíma á að skerða helmingi lægri lífeyrislaun, **sem eru undir fátæktarmörkum um 45%** og það efir skatt upp á 38,35% af öllum samanlögðum tekjum viðkomandi.

Lögbvingaður lífeyrissparnaður skattaður um 38,35% og skertur strax um 45%, en ekki listamannalaun upp á 351.400 kr. sem er rétt framfærsla.

Bannar ekki stjórnarskráin mismunun og er ekki ólöglegt að skrifa upp stjórnarskrárbrot ?

1.000 kr. verða eftir skatt og skerðingar að 322 kr. Laun upp á 351.400 kr. eru eftir skatt og skerðingar 112.056 kr.

25% vinna með mánaðarlaun upp á 351.400 kr. skilar lífeyrislaunaþega ekki 87.850 kr. heldur bara 28.014 kr. eftir skatt og skerðingar.

Niðurstæða: Hættum mismunun og gerum 351.400 kr. að lágmarks lífeyrislaunum og að þau verði ekki sköttuð og skert til fátæktar eins og gert er í dag.

Virðingarfyllt,



Guðmundur Ingi Kristinsson, öryrki og fyrir Pírata í nefndinni.

KOSTNAÐARÁHRIF AF TILLÖGUM NEFNDAR UM
ENDURSKOÐUN ALMANNATRYGGINGALAGA



TALNAKÖNNUN HF.
FYRIR VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ
OKT. 2014

Efnisyfirlit

Myndalisti	2
Inngangur	3
Aðferðafræði	4
Útreikningar	8
Heildaráhrif	8
Áhrif hækkunar á ellilífeyrisaldri	9
Kostnaður af tillögum nefndarinnar	10
Kostnaður ríkisins í heild	11
Sveigjanleg starfslok	13
Niðurstöður	14
Viðauki: Tölur bakvið myndir	17

Myndalisti

Mynd 1: Tekjudreifing elli- og örorkulífeyrisþega TR	4
Mynd 2: Nálgun við tekjudreifingu úr lífeyrissjóðum með Poisson-líkindadreifingu	5
Mynd 3: Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri 2013-61	5
Mynd 4: Hlutfall þjóðarinnar á ellilífeyrisaldri 2013-61	6
Mynd 5: Mánaðargreiðslur (meðaltal) til ellilífeyrisþega eftir aldri 2011 og 2012	6
Mynd 6: Mánaðargreiðslur (meðaltal) til ellilífeyrisþega eftir aldri 2012	7
Mynd 7: Fjöldi örorkulífeyrisþega 1986-2061	8
Mynd 8: Áætlun um þróun greiðslna frá TR að óbreyttu kerfi	9
Mynd 9: Lækkun á kostnaði TR vegna hækkaðs lífeyrisaldurs	10
Mynd 10: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36	11
Mynd 11: Samanlögð áhrif af tillögum og öðrum breytingum 2014-36	12
Mynd 12: Kostnaður af óbreyttu kerfi og tillögum sem hlutfall af VLF 2014-34	12
Mynd 13: Lífeyrisréttindi m.v. sveigjanlegan eftirlaunaaldur 65-80 ára	13
Mynd 14: Árleg hækkun lífeyris með frestun um eitt ár 65-80 ára	13
Mynd 15: Hækkun lífeyris með frestun um einn mánuð 65-80 ára	14
Mynd 16: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. (45% og 50% skerðing)	15
Mynd 17: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. (Grunnur 188 þús og 183 þús)	15
Mynd 18: Útgjaldaauki almannatrygginga vegna tillagna 2014-34	16

Inngangur

Í september 2014 óskaði Pétur H. Blöndal formaður nefndar um endurskoðun almannatryggingalaga, þess að Talnakönnun skoðaði hver væru langtímaáhrif hugmynda um nýtt kerfi almannatrygginga hefði á greiðslustreymi frá Tryggingastofnun ríkisins (TR). Verkið er unnið fyrir velferðarráðuneytið.

Ágúst Þór Sigurðsson, staðgengill skrifstofustjóra velferðarráðuneytisins, sendi beiðni um útreikninga:

1. Áætla kostnað vegna hugmynda starfshópsins um einföldun bótakerfisins þar sem fjárhæð nýs bótaflokks er 188.313 kr. á mánuði. Engin frítekjumörk verða og lífeyririnn skerðist um 45% vegna atvinnutekna, lífeyrissjóðstekna og fjármagnstekna. Til viðbótar greiðist heimilisuppbót til þeirra lífeyrisþega sem búa einir og miðað skal við þær reglur sem gilda í dag (sama gildir um aðrar uppbætur til lífeyrisþega).
2. Meta áhrif þess að taka upp sveigjanleg starfslok. Miðað skal við að fólk geti frestað töku ellilífeyris frá almannatryggingum og lífeyrissjóðum til allt að 80 ára aldurs. Fólk verði gefinn kostur á að hefja töku lífeyris að hálfu og fresta töku lífeyris að hálfu þannig að sá hluti sem frestað er hækki um 0,5% á mánuði (hér mætti skoða áhrif af annarri prósentutölu). Samhliða þessu verði opinberum starfsmönnum gert kleift að vinna til 75 ára aldurs.
3. Finna sparnað sem myndast af því að hækka lífeyrisaldur í almannatryggingum og hjá lífeyrissjóðum í áföngum í 70 ár. Lífeyrisaldur hækki um einn mánuð á þriggja mánaða fresti frá 01.10.2015 - 01.04.2017 og verði þá 67 ár og 7 mánuðir. Síðan hækki lífeyrisaldur um einn mánuð 1. janúar ár hvert frá 01.01.2019 og verði 70 ár 01.01.2047. Hér er miðað við að 70 ára aldursviðmiði verði náð á rúmlega 30 árum en einnig væri áhugavert að fá útreikninga á annars konar útfærslum, t.d. ef miðað yrði við að ná hámarkinu á 20 árum, 25 eða 35. Sérstaklega mætti skoða áhrif þess að í stað þess að hækka lífeyrisaldurinn hraðar í fyrstu (einn mánuð á þriggja mánaða fresti frá 01.10.2015 - 01.04.2017) að hafa hækkunina jafna allan tímann, þ.e. einn mánuð á ári frá 01.01.2016.
4. Leggja mat á heildaráhrif breytinganna, þ.e. hvornig þetta spilar saman. Ljóst er að hækkun lífeyrisaldurs mun t.d. draga úr kostnaði vegna hins nýja sameinaða bótaflokks og gera verður ráð fyrir að aukin sveigjanleg starfslok leiði til þess að fólk vinni lengur og greiði því lengur í lífeyrissjóð sem síðan hefur áhrif til lækkunar á greiðslum almannatrygginga o.s.frv. Þá þarf að gera ráð fyrir auknum tekjum fólks úr lífeyrissjóðum sem og hækkandi hlutfalli þjóðarinnar á lífeyrisaldri.

Tillögur nefndarinnar ganga út á það að sameina bótaflokka og hafa fasta skerðingu vegna tekna, 45% og hækka jafnframt ellilífeyrisaldur í áföngum til sjötugs.

Við verkið er stuðst við upplýsingar um réttindi frá nokkrum stórum lífeyrissjóðum, mannfjöldaspá Hagstofu Íslands (meðalspá) sem og gögn frá Tryggingastofnun og Ríkisskattstjóra.

Af hálfu Talnakönnunar hafði Benedikt Jóhannesson Ph. D. umsjón með verkinu en Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur vann nokkra útreikninga.

Reykjavík 31. okt. 2014,




Benedikt Jóhannesson

Aðferðafræði

Í fyrstu var skoðuð raunveruleg dreifing allra greiðslna til elli- og örorkulífeyrisþega hjá TR haustið 2014. Greiðsludreifingin er mjög misjöfn eftir aldri því að sumir hafa sáralítill réttindi meðan aðrir hafa greitt alla sína tíð í lífeyrissjóð og fá há eftirlaun. Til þess að búa til stærðfræðilegt líkan um þessi réttindi varð að máta nokkrar líkindadreifingar við hópinn. Þetta er nauðsynlegt til þess að hægt væri að reikna hver réttindin væru hjá Tryggingastofnun. Notað var sama grunnlíkan og gert var þegar reiknað var fyrir nefnd sem Árni Gunnarsson veitti forstöðu fyrir tveimur árum.

Mynd 1: Tekjudreifing elli- og örorkulífeyrisþega TR (kr./mán)




Samanlagðar tekjur frá lífeyrissjóðum, vegna atvinnu og fjármagns. Heimild: Tryggingastofnun ríkisins.

Á mynd 2 sést samanburður á tekjudreifingu elli- og örorkulífeyrisþega. Myndin sýnir að örorkulífeyrisþegar hafa að jafnaði minni tekjur.

Oft er miðað við að tekjur fylgi lognormal-dreifingu og það gildir á almennum vinnumarkaði. Hins vegar reyndist hún ekki passa vel við dreifingu greiðslna úr lífeyrissjóðum. Var þá gripið til þess ráðs að flokka tekjurnar í ákveðin bil og finna líkindadreifingu sem passaði vel að þeirri flokkun. Poisson-dreifingin passaði mjög vel fyrir tekjur upp að 75 þúsund krónum (sjá mynd 2) og slíkar dreifingar voru notaðar sem grunnur að tekjudreifingu úr lífeyrissjóði þar sem meðaltalið var látið hreyfast með spá um hækkandi meðallaun.

Mynd 2: Nálgun við tekjudreifingu úr lífeyrissjóðum með Poisson-líkindadreifingu




Græni ferillinn sýnir dreifingu lífeyrissjóðatekna ellilífeyrisþega. Fjólublái ferillinn er Poisson dreifing sem nálgun. Heimild: Gögn frá TR og útreikningar Talnakönnunar.

Mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2013-2061 er gefin upp á vef stofnunarinnar og birtir stofnunin þrjár spár: Háspá, lágsþá og miðþá. Notuð er miðþá Hagstofunnar í líkaninu og litið á hve margir eru á ellilífeyrisaldri.

Þróunin er sýnd á mynd 3, en þar sést að fjöldi Íslendinga á ellilífeyrisaldri mun margfaldast á næstu áratugum.


Mynd 3: Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri 2013-61



Heimild Hagstofa Íslands mannfjöldaspá 2013-61 (miðþá).

Jafnframt var reiknað hlutfall þjóðarinnar á eftirlaunaaldri miðað við sömu spá.


Mynd 4: Hlutfall þjóðarinnar á ellilífeyrisaldri 2013-61



Heimild Hagstofa Íslands mannfjöldaspá 2013-61 (miðspá).


Einnig var stuðst við tölur frá Ríkisskattstjóra um skattuppgjör efir aldri á árinu 2012. Þannig mátti hafa mið af tekjum aldurshópanna og nota það til stuðnings við greiðslulífkanið sem byggði á tölum úr lífeyrissjóðunum. Segja má að tölurnar hafi rímað ágætlega saman svo langt sem samanburðurinn náði (sjá mynd 5).

Mynd 5: Mánaðargreiðslur (meðaltal) til ellilífeyrisþega eftir aldri 2011 og 2012



Heimild: Ríkisskattstjóri.

Mynd 6: Mánaðargreiðslur (meðaltal) til ellilífeyrisþega eftir aldri 2012




Heimild: Ríkisskattstjóri.

Á mynd 6 sést hvernig mánaðargreiðslur úr hinum ýmsu tekjustofnum þróast eftir aldir miðað við tekjuárið 2012. Tekjuskattstofninn (tekjur aðrar en fjármunatekjur) lækkar ár frá ári. Fyrstu árin ráða atvinnutekjur mestu, en eftir það greiðslur úr lífeyrissjóðum. Þær lækka með aldri vegna meiri söfnunar þeirra sem yngri eru. Séreignarsparnaður vegur ekki mjög þungt á heildina lítið.

Varðandi þróun ellilífeyrisréttinda er vísað í fyrrnefnda skýrslu. Meginniðurstöður voru að réttindin jukust um 2,8% á ári frá þeim sem eru fæddir 1952 (eru nú 62 ára) allt til þeirra sem eru fæddir 1964 (eru fimmtugir). Þá minnkar aukningin í um 0,8% á ári eftir það allt fram til þeirra sem fæddir eru 1977 (eru 37 ára). Gert er ráð fyrir að 2,8% aukningin eigi líka við um þá sem fæddir eru fyrir árið 1952 og að 0,8% aukning muni líka eiga við um þá sem fæddir eru eftir 1977.

Einnig var spáð fyrir um fjölda örorkulífeyrisþega, en þeim hefur fjölgað ár frá ári bæði í heildartölu og sem hlutfall af hverjum aldurshópi. Í spá um þróun fjöldans var gert ráð fyrir því hlutfall öryrkja í hverjum aldurshópi myndi haldast óbreytt, en gert ráð fyrir sömu aldursskiptingu og í mannfjöldaspánni.

Mynd 7: Fjöldi örorkulífeyrisþega TR 1986-2061



Spá um þróun í fjölda örorkulífeyrisþega til ársins 2061 miðað við að hlutfall öryrkja í hverjum aldurshópi sé það sama og verið hefur undanfarin ár og tekið er tillit til þess að þjóðin er að eldast.

Eins og að framan greinir voru mjög viðamiklar athuganir gerðar til þess að setja inn í líkanið spátölur sem byggjast á sem bestum forsendum um tekjur, mannfjölda, réttindi úr lífeyrissjóðum, hjúskaparstöðu og fleira. Þó verður að leggja mikla áherslu á að í líkönunum af þessu tagi er alltaf mikil óvissa sem eykst eftir því sem fram í sækir. Jafnvel á þeim tíma sem liðinn er frá ritun fyrrnefndrar skýrslu hefur mikið breyst í réttindakerfi TR. Þess vegna ber að leggja áherslu á að ekki má leggja of mikið upp úr nákvæmum prósentuspám. Um talsverða óvissu er að ræða, sveiflan gæti verið á bilinu 6 til 15%. Hins vegar ættu ferlarnir að gefa góða hugmynd um það hvernig útgjaldaaukinn dreifist á næstu áratugi, hvenær byrðin verður mest og hvenær hún minnkar aftur.

Útreikningar

Reiknað var út hvernig ætla má að hinir ýmsu þættir komu út miðað við verkbeiðni. Milli liða er auðvitað samspil, en reynt að greina áhrif hvers þáttar um sig eftir því sem hægt var.

Heildaráhrif

Metin voru heildaráhrif af tillögum nefndarinnar m.v. einn bótaflokk að fjárhæð 188.313 kr. Heimilisuppbót er fyrir utan þessa útreikninga. Niðurstaðan var sem hér segir:


Hækkunin er að meðaltali um 15 þúsund krónur á mánuði (15.250 fyrir ellilífeyri, 14.750 fyrir örorkulífeyri á mánuði) m.v. 45% skerðingu. Þetta er rúmlega 13% hækkun eða um 8,9 milljarðar króna.

Til samanburðar var reiknað hvaða áhrif það hefði ef skerðingin yrði 50% yrði hækkunin að meðaltali rúmlega 9.500 þúsund krónur á mánuði (8.900 á ellilífeyri og 10.500 á örorkulífeyri). Þetta er rúmlega 8% hækkun eða 5,6 milljarðar króna.

Þessar niðurstöður eru sambærilegar við það sem áður hafði verið metið fyrir nefndina af Sigurði M. Grétarssyni, starfsmanni TR.

Þessar krónutölur taka breytingum með hverju ári vegna breytinga á fjölda lífeyrisþega. Á eftirfarandi myndum er greint hvernig breytingarnar verða.

Mynd 8: Áætlun um þróun greiðslna frá TR að óbreyttu kerfi



Breytt samsetning þjóðarinnar hefur áhrif til hækkunar, en meiri lífeyrissjóðstekjur til lækkunar. Áformuð er hækkun um næstu áramót upp á 1%. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Myndin sýnir að jafnvel þó að engu verði breytt muni kostnaðarauki í núverandi kerfi verða um 20% um 2030 og helst nokkuð stöðugur eftir það.


Áhrif hækkunar á ellilífeyrisaldri

Áhrifin af því að hækka ellilífeyrisaldur virka hægar en við hefði mátt búast í fljótu bragði. Þar kemur tvennt til. Annars vegar að áhrifin eru bara á yngstu árgangana en þeir sem þegar eru komnir á ellilífeyri halda sínum réttindum. Margir sem eru vinnandi hafa frestað því að taka ellilífeyri til sjötugs til þess að fá hækkun á lífeyrisgreiðslur í heild. Þannig hafa þeir hætt við að taka lægri fjárhæð til þess að fá seinna hækkun á hærri bætur.

Hins vegar að á móti kemur að fyrir þá sem eru á aldrinum 67-69 er fyrirsjáanlegt að greiða þarf örorkulífeyri og hlutfall þeirra sem þiggja örorkulífeyri á þessu aldursbili verður um þriðjungur kvenna og fimmtungur karla (miðað var við örorkulífeyri Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga og reynslu TR). Áhrif þessa eru að um 58% af sparnaði vegna þeirra sem eru hefðu farið á ellilífeyri 67-69 ára muni fara til greiðslna til öryrkja á þessum aldri. Þetta hefur hins vegar ekki áhrif á eldri lífeyrisþega.

Á mynd 9 eru reiknuð nokkur dæmi um áhrif vegna mismunandi aðferða til þess að hækka lífeyrisaldurinn í áföngum.

Mynd 9: Lækkun á kostnaði TR vegna hækkaðs lífeyrisaldurs



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Reglurnar eru sem hér segir:

- Hækkun um einn mánuð á ári í 36 ár.
- Lífeyrisaldur hækki um einn mánuð á þriggja mánaða fresti frá 01.10.2015 - 01.04.2017 og verði þá 67 ár og 7 mánuðir. Síðan hækki lífeyrisaldur um einn mánuð 1. janúar ár hvert frá 01.01.2019 og verði 70 ár 01.01.2047. Þetta er meginforsenda nefndarinnar.
- Hækkun um sex mánuði strax og svo mánuð árlega
- Hækkun um einn mánuð á fjöggra mánaða fresti þar til 68 ára aldri er náð og svo einn mánuð á sex mánaða fresti.
- Hækkun um einn mánuð á þriggja mánaða fresti þar til 70 ellilífeyrisaldri er náð.

Myndin sýnir að kerfi b.-d. virka til lækkunar um 10% á 20 árum. Með því að hækka ellilífeyrisaldurinn um einn mánuð á þriggja mánaða fresti fæst að breytingin verður á níu árum sem mörgum finnst væntanlega býsna hratt.


Kostnaður af tillögum nefndarinnar

Hugmyndin er að breytingarnar taki gildi í áföngum:

- 2016 að $\frac{1}{4}$ hluta og $\frac{3}{4}$ hlutar nógildandi kerfi,
- 2017 að hálfu og helmingur nógildandi kerfi,
- 2018 að $\frac{3}{4}$ hluta og $\frac{1}{4}$ hlutar nógildandi kerfi,
- Eftir 2019 að fullu nýtt kerfi.

Þannig munu kostnaðaráhrifin dreifast á fjögur ár. Á mynd 10 sést hver áhrif nýja kerfisins eins og sér yrði á kostnað TR.

Mynd 10: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

- Mynd 10 sýnir að m.v. tillögur nefndarinnar er hækkun á kostnaði vegna almannatryggingakerfisins um 10% þegar mest er.
- Hér er reiknað með því að um einn mánuð á þriggja mánaða fresti frá 01.10.2015 - 01.04.2017 og verði þá 67 ár og 7 mánuðir. Síðan hækki lífeyrisaldur um einn mánuð 1. janúar ár hvert þar til 70 árum er náð. (Leið b hér að framan)
- Aldurshækkunin nær að jafna út kostnaðinn í lok tímabilsins.
- Reiknað er með að áhrif 1% hækkunar 1. jan. 2015 gangi til baka.

Kostnaður ríkisins í heild

Loks var metið hvernig tillögur nefndarinnar virka með fyrirsjáanlegum hækkunum á bótum almannatrygginga vegna þess að ellilífeyrisþegum fjölgar fyrirsjáanlega á næstu áratugum. Þetta sést á mynd 11.

Mynd 11: Samanlögð áhrif af tillögum og öðrum breytingum 2014-36




Hér sést að í heild eru áhrifin hækkun upp á 20% þegar nýja kerfið virkar að fullu og fer í liðlega 28% þegar mest er, en lækkar svo. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Mynd 11 sýnir mikinn kostnaðarauka, en þetta segir þó ekki alla söguna því að á tímabilinu má ætla að verg landsframleiðsla aukist. Á mynd 12 er skoðað hvernig ætla má að hlutfall lífeyrisútgjalda TR af VLF breytist á næstu áratugum.

Mynd 12 sýnir að hækkunin er mikil fram til ársins 2019 en eftir það er hlutfallið tiltölulega stöðugt til 2027 og fer svo lækkandi. Í lok tímabilsins eru útgjöld vegna nýs kerfis nánast þau sömu og að óbreyttu kerfi eins og sést líka á mynd 11.

Mynd 12: Kostnaður af óbreyttu kerfi og tillögum sem hlutfall af VLF 2014-34




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Sveigjanleg starfslok

Metin áhrif þess að taka upp sveigjanleg starfslok. Reiknað var miðað við líftöflur FÍT og 3,5% ávöxtun. Ef réttindi við 70 ár eru sett sem 100% fæst að þau hafa nær þrefaldast við 80 ár. Þetta þýðir að geti menn frestað starfslokum í 10 ár munu þeir þar með þrefalda lífeyrisréttindi sín.


Mynd 13: Lífeyrisréttindi m.v. sveigjanlegan eftirlaunaaldur 65-80 ára



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, líftöflur FÍT.

Þetta var einnig skoðað miðað við hækkun á hverju ári (mynd 14) og hverjum mánuði (mynd 15)


Mynd 14: Árleg hækkun lífeyris með frestun um eitt ár 65-80 ára



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, líftöflur FÍT.

Skýringin á þessari miklu hækkun er einföld. Segjum að 67 ára gamall maður eigi að meðaltali 15 ár eftir ólifuð samkvæmt líftöflum. Þá stytir hann tímabilið til greiðslu lífeyris um nálægt 7% með því að fresta því um eitt ár að nýta sér sinn rétt.

Mynd 15: Hækkun lífeyris með frestun um einn mánuð 65-80 ára




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar, líftöflur FÍT.

Myndirnar sýna að veruleg kjarabót fylgir því að menn fresti töku lífeyris ef þeir hafa vilja og getu til þess að vinna. Mikilvægt er að launþegar séu vel meðvitaðir um þessa hækkun þegar þeir ákveða starfslok og jafnframt að lífeyrissjóðir taki upp töflur sem reikni hækkun á lífeyri miðað frestun á töku lífeyris allt til 80 ára aldurs.

Niðurstöður

Breytingarnar sem tillögurnar munu valda á tekjum einstaklinga m.v. mismunandi tekjur sjást á mynd 16.

Mynd 16: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. (45% og 50% skerðing)



Rauða línan sýnir útkomu m.v. 45% skerðingarhlutfall, sú bláa m.v. 50%. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Myndin sýnir að miðað við tillögur hópsins munu allir tekjuhópar upp í 350 þúsund króna mánaðartekjur hagnast á tillögunum.

Mynd 17: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. (Grunnur 188 þús og 183 þús)



Rauða línan sýnir útkomu m.v. 188.313 kr., sú bláa m.v. 183.313 kr. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Þessi mynd sýnir að miðað við 5 þúsund krónum lægri grunnfjárhæð lækka greiðslur til þeirra sem engar aðrar greiðslur hafa og hækka minna en ef viðmiðunarfjárhæðin er 188.313. Þessi fjárhæð, 183.313 myndi valda hækkun upp á um 10% í stað 13%. Hægt er að lækka fjárhæðir í töflunni hér að neðan um 22% m.v. þessa fjárhæð.

Útreikningarnir hér að framan gefa til kynna að kostnaðarauki Tryggingastofnunar vegna tillagna starfshópsins verði talsvert mikill en nái jafnvægi á næstu 20 árum. Rétt er að leggja áherslu á það að mörg óvissuatriði eru í útreikningunum. Upplýsingarnar byggja á stærðfræðilegum líkönum sem eðli málsins samkvæmt innihalda mikla óvissu. Til þess að komast nær líklegri niðurstöðu þyrfti að hafa nákvæmara upplýsingar um tekjudreifingu eftir aldri sem og raunverulega dreifingu lífeyrisréttinda. Mannfjöldaspáin er líklega einna minnsti óvissuvaldur.

Tafla 1: Útgjaldaauki TR af tillögum nefndarinnar í milljónum króna 2014-20


2014	0
2015	-14
2016	2.072
2017	4.173
2018	6.301
2019	8.573
2020	8.145

Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Taflan sýnir hvernig útgjöldin aukast á næstu sex árum miðað við líkanið. Þarna koma fram bæði áhrif af nýjum reglum og hækkuðum lífeyrisaldri skv. tillögum nefndarinnar.

Útgjaldaauka vegna tillagnanna má sjá á mynd 17.

Mynd 18: Útgjaldaauki almannatrygginga vegna tillagna 2014-34



Verðlag 2014. Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Myndin sýnir að útgjöldin aukast í áföngum upp í rúmlega átta milljarða króna en lækka svo aftur og ná núlli um 2037. Allar tölur eru á verðlagi ársins 2014. Samtals eru þetta um 90 milljarðar króna á 20 árum.

Viðauki: Tölur bakvið myndir

Í viðauka hér á eftir eru sýndar þær tölur sem liggja að baki myndunum hér að framan. Auk þeirra niðurstaðna sem hér eru sýndar fékk nefndin glærur sem sýndar voru á fundum. Í þeim glærum má finna þær myndir sem eru í þessari skýrslu og einnig allmargar aðrar sem ekki rötuðu í skýrsluna.

Tafla 1: Útgjaldaauki TR af tillögum nefndarinnar í milljónum króna 2014-20.....	16
Tafla 2: Tekjudreifing elli- og örokrulífeyrisþega TR 2014.....	18
Tafla 3: Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri 2013-61	18
Tafla 4: Hlutfall þjóðarinnar á ellilífeyrisaldri 2013-61	19
Tafla 5: Mánaðargreiðslur til ellilífeyrisþega eftir aldri 2011 og 2012	21
Tafla 6: Mánaðargreiðslur (meðaltöl) til 67 ára og eldri árið 2012	22
Tafla 7: Fjöldi örorkulífeyrisþega 1986-2061.....	23
Tafla 8: Áætlun um þróun greiðslna frá TR að óbreyttu kerfi.....	25
Tafla 9: Lækkun á kostnaði TR vegna hækkaðs lífeyrisaldurs 2014-35	26
Tafla 10: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36.....	27
Tafla 11: Samanlögð áhrif af tillögum og öðrum breytingum 2014-36.....	27
Tafla 12: Kostnaður af óbreyttu kerfi og tillögum sem hlutfall af VLF 2014-34.....	28
Tafla 13: Lífeyrisréttindi m.v. sveigjanlegan eftirlaunaaldur 65-80 ára	29
Tafla 14: Árleg hækkun lífeyris með frestun um eitt ár 65-80 ára	29
Tafla 15: Mánaðarleg hækkun lífeyris með frestun um eitt ár 65-80 ára	30
Tafla 16: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. – Mismunandi skerðing vegna tekna.....	30
Tafla 17: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. – mismunandi grunnfjárhæðir.....	31
Tafla 18: Útgjaldaauki almannatrygginga vegna tillagna 2014-34.....	31

Tafla 2: Tekjudreifing elli- og örokrulífeyrisþega TR 2014

Tekjubil	Ellilíf.	Öryrkjulíf.
0 kr.	0,2%	5,1%
1 til 49.999 kr.	15,4%	44,5%
50.000 til 99.999 kr.	22,9%	13,8%
100.000 til 149.999 kr.	18,4%	12,2%
150.000 til 199.999 kr.	12,7%	7,8%
200.000 til 249.999 kr.	8,5%	5,4%
250.000 til 299.999 kr.	6,4%	3,6%
300.000 til 349.999 kr.	4,3%	2,3%
350.000 til 399.999 kr.	2,9%	1,5%
400.000 kr. og hærri	8,2%	3,9%
Samtals	100,0%	100,0%

Tafla 3: Þróun mannfjölda á ellilífeyrisaldri 2013-61

	67+	68+	69+	70+
2013	36.002	33.289	30.832	28.477
2014	37.057	34.359	31.679	29.253
2015	38.272	35.381	32.714	30.068
2016	39.619	36.569	33.711	31.077
2017	40.994	37.877	34.860	32.037
2018	42.489	39.216	36.132	33.150
2019	43.916	40.667	37.428	34.380
2020	45.394	42.060	38.843	35.641
2021	47.023	43.497	40.196	37.015
2022	48.639	45.089	41.599	38.334
2023	50.374	46.673	43.158	39.705
2024	52.207	48.365	44.700	41.222
2025	54.069	50.157	46.352	42.725
2026	55.901	51.978	48.104	44.338
2027	57.893	53.764	49.878	46.043
2028	59.819	55.706	51.615	47.767
2029	61.471	57.579	53.503	49.451
2030	63.293	59.177	55.319	51.282
2031	65.089	60.941	56.860	53.038
2032	66.875	62.674	58.561	54.517
2033	68.547	64.395	60.229	56.153
2034	70.203	66.006	61.888	57.758
2035	71.524	67.592	63.429	59.347
2036	72.691	68.842	64.941	60.813

2037	73.816	69.941	66.122	62.253
2038	74.720	70.989	67.144	63.356
2039	75.797	71.826	68.123	64.308
2040	77.189	72.834	68.892	65.218
2041	78.486	74.157	69.833	65.921
2042	79.422	75.384	71.086	66.794
2043	80.453	76.256	72.246	67.979
2044	81.471	77.221	73.052	69.071
2045	82.234	78.180	73.958	69.819
2046	83.123	78.886	74.858	70.665
2047	84.339	79.724	75.514	71.513
2048	85.710	80.891	76.305	72.123
2049	86.863	82.209	77.420	72.864
2050	88.058	83.317	78.691	73.933
2051	89.117	84.471	79.758	75.161
2052	90.047	85.490	80.871	76.187
2053	90.800	86.351	81.821	77.230
2054	91.462	87.043	82.620	78.118
2055	92.232	87.648	83.254	78.858
2056	93.373	88.366	83.808	79.441
2057	94.356	89.450	84.473	79.943
2058	95.589	90.390	85.513	80.567
2059	96.505	91.580	86.411	81.564
2060	97.452	92.452	87.555	82.418
2061	98.375	93.365	88.394	83.527

Tafla 4: Hlutfall þjódarinnar á ellilífeyrisaldri 2013-61

	67+	68+	69+	70+
2013	97%	97%	97%	97%
2014	100%	100%	100%	100%
2015	103%	103%	103%	103%
2016	107%	106%	106%	106%
2017	111%	110%	110%	110%
2018	115%	114%	114%	113%
2019	119%	118%	118%	118%
2020	122%	122%	123%	122%
2021	127%	127%	127%	127%
2022	131%	131%	131%	131%
2023	136%	136%	136%	136%
2024	141%	141%	141%	141%
2025	146%	146%	146%	146%

2026	151%	151%	152%	152%
2027	156%	156%	157%	157%
2028	161%	162%	163%	163%
2029	166%	168%	169%	169%
2030	171%	172%	175%	175%
2031	176%	177%	179%	181%
2032	180%	182%	185%	186%
2033	185%	187%	190%	192%
2034	189%	192%	195%	197%
2035	193%	197%	200%	203%
2036	196%	200%	205%	208%
2037	199%	204%	209%	213%
2038	202%	207%	212%	217%
2039	205%	209%	215%	220%
2040	208%	212%	217%	223%
2041	212%	216%	220%	225%
2042	214%	219%	224%	228%
2043	217%	222%	228%	232%
2044	220%	225%	231%	236%
2045	222%	228%	233%	239%
2046	224%	230%	236%	242%
2047	228%	232%	238%	244%
2048	231%	235%	241%	247%
2049	234%	239%	244%	249%
2050	238%	242%	248%	253%
2051	240%	246%	252%	257%
2052	243%	249%	255%	260%
2053	245%	251%	258%	264%
2054	247%	253%	261%	267%
2055	249%	255%	263%	270%
2056	252%	257%	265%	272%
2057	255%	260%	267%	273%
2058	258%	263%	270%	275%
2059	260%	267%	273%	279%
2060	263%	269%	276%	282%
2061	265%	272%	279%	286%

Tafla 5: Mánaðargreiðslur til elliífeyrisþega eftir aldri 2011 og 2012

	Lífeyr. 2011	TR 2011	Lífeyr. 2012	TR 2012
67	114.529	45.662	130.687	48.116
68	139.992	65.266	158.655	63.684
69	154.737	75.475	169.703	74.239
70	171.554	80.365	187.295	85.832
71	183.713	93.677	198.968	90.696
72	185.149	94.387	199.895	102.938
73	177.541	106.573	198.559	99.985
74	178.792	103.641	189.763	111.197
75	170.103	110.891	194.905	107.844
76	166.389	114.526	182.058	116.466
77	154.898	118.750	177.536	117.195
78	156.880	115.529	163.435	121.862
79	150.620	120.073	166.951	117.148
80	147.131	119.467	160.810	121.755
81	139.051	120.828	155.979	121.874
82	134.928	117.533	147.244	123.449
83	141.728	114.584	149.192	118.718
84	144.002	112.546	153.364	114.671
85	131.539	109.470	157.649	114.478
86	116.559	111.706	141.493	111.169
87	109.217	105.319	126.156	112.130
88	111.178	102.449	117.985	103.011
89	105.573	95.449	119.647	102.403
90	95.173	82.890	110.618	97.348
91	104.329	86.788	104.814	85.497
92	85.344	88.068	109.762	87.060
93	95.600	76.790	92.991	87.918
94	82.437	70.698	109.650	73.613
95	88.151	73.774	87.085	72.069
96	69.627	51.905	85.627	66.261

Tafla 6: Mánaðargreiðslur (meðaltöl) til 67 ára og eldri árið 2012

Aldur	Greiðslur					
	Laun	TR	Lífeyrissj.	Tekjuskstofn	Fjárm.	Séreignarsp.
67	315.267	48.116	130.687	547.768	53.579	23.049
68	235.541	63.684	158.655	504.272	60.576	20.349
69	192.903	74.239	169.703	476.383	63.969	17.023
70	132.366	85.832	187.295	446.877	67.723	18.090
71	86.236	90.696	198.968	406.117	65.414	11.997
72	72.712	102.938	199.895	404.495	73.982	13.263
73	53.320	99.985	198.559	382.181	56.521	8.653
74	37.018	111.197	189.763	364.414	48.813	9.871
75	31.975	107.844	194.905	352.138	51.120	4.542
76	22.347	116.466	182.058	341.236	61.993	6.154
77	18.094	117.195	177.536	329.938	38.483	4.386
78	18.466	121.862	163.435	319.519	25.195	2.864
79	11.960	117.148	166.951	307.424	67.897	3.389
80	10.384	121.755	160.810	304.191	35.757	4.019
81	11.499	121.874	155.979	298.090	43.212	1.555
82	9.351	123.449	147.244	287.930	33.297	1.735
83	7.552	118.718	149.192	284.570	39.500	929
84	3.036	114.671	153.364	279.187	40.263	584
85	4.448	114.478	157.649	287.223	34.323	1.969
86	3.708	111.169	141.493	264.770	27.672	947
87	8.868	112.130	126.156	251.994	43.334	1.258
88	5.918	103.011	117.985	230.773	26.649	200
89	4.002	102.403	119.647	234.728	35.713	374
90	5.956	97.348	110.618	219.543	29.044	31
91	1.330	85.497	104.814	195.731	34.404	81
92	3.555	87.060	109.762	217.141	63.668	0
93	6.730	87.918	92.991	199.223	35.464	0
94	4.269	73.613	109.650	199.420	24.783	0
95	951	72.069	87.085	167.800	25.822	12
96	832	66.261	85.627	158.528	22.234	0

Tafla 7: Fjöldi örorkulífeyrisþega 1986-2061

Ár	Fjöldi
1986	3.617
1987	3.824
1988	4.072
1989	4.358
1990	4.646
1991	5.056
1992	5.352
1993	5.966
1994	6.543
1995	7.175
1996	7.577
1997	7.786
1998	7.982
1999	8.673
2000	9.329
2001	9.780
2002	10.443
2003	11.199
2004	12.011
2005	12.755
2006	13.230
2007	13.616
2008	14.103
2009	14.507
2010	14.714
2011	15.197
2012	15.526
2013	16.146
2014	16.390
2015	16.592
2016	16.790
2017	16.974
2018	17.144
2019	17.335
2020	17.513
2021	17.647
2022	17.786
2023	17.898
2024	17.993

2025	18.082
2026	18.169
2027	18.209
2028	18.265
2029	18.374
2030	18.426
2031	18.471
2032	18.502
2033	18.553
2034	18.599
2035	18.708
2036	18.861
2037	18.992
2038	19.181
2039	19.334
2040	19.388
2041	19.468
2042	19.598
2043	19.688
2044	19.795
2045	19.955
2046	20.095
2047	20.125
2048	20.121
2049	20.173
2050	20.198
2051	20.239
2052	20.287
2053	20.359
2054	20.477
2055	20.555
2056	20.553
2057	20.544
2058	20.472
2059	20.476
2060	20.462
2061	20.435

Tafla 8: Áætlun um þróun greiðslna frá TR að óbreyttu kerfi

Ár	Tekjur	Mannfj.	Loforð	Alls
2014	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%
2015	-2,1%	3,3%	1,0%	2,1%
2016	-3,5%	6,9%	1,0%	4,2%
2017	-5,7%	10,6%	1,0%	5,3%
2018	-7,3%	14,7%	1,0%	7,4%
2019	-8,6%	18,5%	1,0%	9,4%
2020	-10,6%	22,5%	1,0%	10,6%
2021	-12,1%	26,9%	1,0%	12,6%
2022	-14,2%	31,3%	1,0%	13,7%
2023	-16,3%	35,9%	1,0%	14,9%
2024	-17,7%	40,9%	1,0%	17,1%
2025	-19,8%	45,9%	1,0%	18,3%
2026	-21,6%	50,9%	1,0%	19,5%
2027	-23,5%	56,2%	1,0%	20,7%
2028	-25,3%	61,4%	1,0%	21,8%
2029	-27,1%	65,9%	1,0%	22,1%
2030	-29,1%	70,8%	1,0%	22,4%
2031	-30,9%	75,6%	1,0%	22,6%
2032	-32,6%	80,5%	1,0%	22,9%
2033	-34,1%	85,0%	1,0%	23,1%
2034	-35,5%	89,4%	1,0%	23,4%
2035	-36,6%	93,0%	1,0%	23,6%
2036	-38,0%	96,2%	1,0%	22,9%

Tafla 9: Lækkun á kostnaði TR vegna hækkads lífeyrisaldurs 2014-35

Ár	1 mán á ári	7 mán hratt	6 mán strax	Á 3 mán fresti	Á 4 mán fresti
2014	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
2015	99,9%	100,0%	99,8%	100,0%	100,0%
2016	99,7%	99,5%	99,0%	99,5%	99,7%
2017	99,6%	99,1%	98,8%	99,0%	99,3%
2018	99,4%	98,9%	98,6%	98,3%	98,9%
2019	99,2%	98,7%	98,2%	97,5%	98,4%
2020	98,9%	98,3%	97,9%	96,5%	97,8%
2021	98,7%	98,0%	97,5%	95,5%	97,3%
2022	98,4%	97,6%	97,0%	94,5%	96,8%
2023	98,1%	97,2%	96,5%	93,4%	96,3%
2024	97,7%	96,8%	96,1%	92,4%	95,8%
2025	97,4%	96,3%	95,6%	91,7%	95,2%
2026	97,1%	95,8%	95,1%	91,1%	94,7%
2027	96,7%	95,3%	94,6%	90,5%	94,1%
2028	96,4%	94,6%	94,2%	89,8%	93,4%
2029	96,0%	93,8%	93,7%	89,1%	92,8%
2030	95,7%	93,3%	93,2%	88,2%	92,2%
2031	95,4%	92,7%	92,7%	87,3%	91,6%
2032	95,0%	92,1%	92,3%	86,5%	91,2%
2033	94,7%	91,5%	91,8%	85,7%	90,9%
2034	94,4%	90,9%	91,3%	84,9%	90,6%
2035	94,0%	90,3%	90,9%	84,2%	90,3%

Tafla 10: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36

Ár	Tillögur	Hækkun lífeyraldurs	Alls áhrif
2014	0,0%	0,0%	0,0%
2015	0,0%	0,0%	0,0%
2016	3,3%	-0,5%	1,7%
2017	6,5%	-0,9%	4,4%
2018	9,8%	-1,1%	7,5%
2019	13,0%	-1,3%	10,4%
2020	13,0%	-1,7%	10,0%
2021	13,0%	-2,0%	9,6%
2022	13,0%	-2,4%	9,2%
2023	13,0%	-2,8%	8,8%
2024	13,0%	-3,2%	8,3%
2025	13,0%	-3,7%	7,8%
2026	13,0%	-4,2%	7,2%
2027	13,0%	-4,7%	6,6%
2028	13,0%	-5,4%	5,9%
2029	13,0%	-6,2%	5,0%
2030	13,0%	-6,7%	4,3%
2031	13,0%	-7,3%	3,7%
2032	13,0%	-7,9%	3,0%
2033	13,0%	-8,5%	2,4%
2034	13,0%	-9,1%	1,7%
2035	13,0%	-9,7%	1,0%
2036	13,0%	-10,3%	0,3%

Tafla 11: Samanlögð áhrif af tillögum og öðrum breytingum 2014-36

Ár	Óbreytt	Nýtt	Alls
2014	0,0%	0,0%	0,0%
2015	2,1%	0,0%	2,1%
2016	4,2%	1,7%	6,0%
2017	5,3%	4,4%	10,0%
2018	7,4%	7,5%	15,5%
2019	9,4%	10,4%	20,8%
2020	10,6%	10,0%	21,7%
2021	12,6%	9,6%	23,4%
2022	13,7%	9,2%	24,2%
2023	14,9%	8,8%	25,1%
2024	17,1%	8,3%	26,8%
2025	18,3%	7,8%	27,4%

2026	19,5%	7,2%	28,1%
2027	20,7%	6,6%	28,7%
2028	21,8%	5,9%	29,0%
2029	22,1%	5,0%	28,2%
2030	22,4%	4,3%	27,7%
2031	22,6%	3,7%	27,2%
2032	22,9%	3,0%	26,6%
2033	23,1%	2,4%	26,0%
2034	23,4%	1,7%	25,5%
2035	23,6%	1,0%	24,8%
2036	22,9%	0,3%	23,3%

Tafla 12: Kostnaður af óbreyttu kerfi og tillögum sem hlutfall af VLF 2014-34

	<i>Gamal</i>	<i>Nýtt</i>
2014	3,4%	3,4%
2015	3,6%	3,6%
2016	3,6%	3,7%
2017	3,7%	3,9%
2018	3,7%	4,0%
2019	3,8%	4,2%
2020	3,9%	4,3%
2021	3,9%	4,3%
2022	4,0%	4,3%
2023	4,0%	4,3%
2024	4,1%	4,4%
2025	4,1%	4,4%
2026	4,1%	4,4%
2027	4,1%	4,4%
2028	4,2%	4,4%
2029	4,2%	4,3%
2030	4,2%	4,3%
2031	4,1%	4,3%
2032	4,1%	4,2%
2033	4,1%	4,2%
2034	4,1%	4,1%
2035	4,0%	4,9%
2036	4,0%	4,8%

Tafla 13: Lífeyrisréttindi m.v. sveigjanlegan eftirlaunaaldur 65-80 ára

Aldur	Réttindi
65	67,1%
66	72,3%
67	78,0%
68	84,5%
69	91,8%
70	100,0%
71	109,3%
72	119,9%
73	132,1%
74	146,1%
75	162,3%
76	181,3%
77	203,6%
78	230,0%
79	261,7%
80	299,9%

Tafla 14: Árleg hækkun lífeyris með frestun um eitt ár 65-80 ára

Aldur	Árleg hækkun
66	7,75%
67	8,01%
68	8,30%
69	8,61%
70	8,94%
71	9,30%
72	9,70%
73	10,13%
74	10,60%
75	11,12%
76	11,69%
77	12,31%
78	13,00%
79	13,76%
80	14,60%

Tafla 15: Mánaðarleg hækkun lífeyris með frestun um eitt ár 65-80 ára

Aldur	Mánaðarleg hækkun
66	0,62%
67	0,64%
68	0,67%
69	0,69%
70	0,72%
71	0,74%
72	0,77%
73	0,81%
74	0,84%
75	0,88%
76	0,93%
77	0,97%
78	1,02%
79	1,08%
80	1,14%

Tafla 16: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. – Mismunandi skerðing vegna tekna

Tekjur	45% skerðing	50% skerðing
0	0,000	0,000
25	13,750	12,500
50	27,500	25,000
100	26,770	21,770
150	23,445	15,945
200	20,120	10,120
250	16,795	4,295
300	13,470	-1,530
350	-4,466	-21,966
400	-26,966	-35,279
450	-35,279	-35,279

Tafla 17: Breyting á greiðslum frá TR eftir mánaðartekjum upp að 450 þús. kr. – mismundandi grunnfjárhæðir

Tekjur	188.313	183.313
0	0,000	-5
25	13,750	8,75
50	27,500	22,5
100	26,770	21,77
150	23,445	18,445
200	20,120	15,12
250	16,795	11,795
300	13,470	8,47
350	-4,466	-9,466
400	-26,966	-31,966
450	-35,279	-35,279

Tafla 18: Útgjaldaauki almannatrygginga vegna tillagna 2014-34

Ár	Útgj. í milljónum
2014	0
2015	-14
2016	2.072
2017	4.173
2018	6.301
2019	8.573
2020	8.145
2021	7.898
2022	7.580
2023	7.302
2024	6.944
2025	6.545
2026	6.131
2027	5.692
2028	5.087
2029	4.408
2030	3.910
2031	3.352
2032	2.837
2033	2.341
2034	1.845



VIÐAUKI VIÐ SKÝRSLU UM ÁHRIF AF TILLÖGUM UM
BREYTINGU Á REGLUM UM BÆTUR
ALMANNATRYGGINGA



TALNAKÖNNUN HF
FYRIR VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ
4/1/2015

Efnisyfirlit

Myndalisti	2
Inngangur	3
Útreikningur á nýrri leið til hækkunar á aldri við lífeyristöku.....	4
Framreikningur á tillögum ÖBÍ um breytingar á grundvallarlífeyri.....	5
Áhrif þess að taka upp starfsgetumat og uppsetning á slíku mati.....	7
Niðurstaða	13

Myndalisti

Mynd 1:Lækkun á kostnaði TR vegna hækkaðs lífeyrisaldurs.....	4
Mynd 2: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36.....	5
Mynd 3: Kostnaðaráhrif vegna tillagna ÖBÍ um hækkun bóta 2014-48	7
Mynd 4: Skipting örorkuprósentu í fimm lífeyrissjóðum árið 2014.....	8
Mynd 5: Skipting starfsgetumats í Svíþjóð 2012-2014	9
Mynd 6: Skipting starfsgetumats á Íslandi.....	10
Mynd 7: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum aðila vinnumarkaðarins	11
Mynd 8: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum Öryrkjabandalagsins ..	12

Inngangur

Talnakönnun vann haustið 2014 skýrslu um áhrif að breyttri tilhögun bóta almannatrygginga fyrir nefnd Velferðarráðherra. Með tölvupósti dags. 25. febrúar síðastliðinn hafði Ágúst Þór Sigurðsson, fulltrúi skrifstofustjóra í Velferðarráðuneytinu, samband við undirritaðan og óskaði eftir því að útreikningum yrði haldið áfram og könnuð áhrif af tveimur leiðum vegna starfsgetumats og nýju bótakerfi því tengdu, sem ætlunin er að taka upp. Annars vegar er um að ræða leið sem aðilar vinnumarkaðarins hafa lagt til og útfærð hefur verið í nefndinni, hins vegar leið sem Öryrkjabandalagið (ÖBÍ) hefur lagt til. Með tölvupóstinum fylgdu útskýringar á þessum tveimur leiðum. Fáum dögum seinna hitti undirritaður Pétur H. Blöndal formann nefndarinnar og fleiri í ráðuneytinu þar sem farið var yfir nokkrar forsendur við matið. Hildur Sverrisdóttir í Velferðarráðuneytinu og Vigdís Jónsdóttir í VIRK öfluðu gagna erlendis frá um starfsgetumat. Vigfús Ásgeirsson hjá Talnakönnun tók saman upplýsingar um örorkumat í nokkrum íslenskum lífeyrissjóðum. Auk þess hefur Sigurður Grétarsson í Tryggingastofnun gert ákveðna útreikninga vegna tillagna ÖBÍ og þeir útreikningar eru lagðir til grundvallar hér. Auk þess ber að geta þess að formaður nefndarinnar hafði samband í lok mars og óskaði eftir því að metin yrðu áhrif af ákveðinni aðferð til hækkunar á lífeyrisaldri sem komið hefur fram í nefnd lífeyrissjóðanna um þetta efni. Þeir útreikningar fylgja einnig.

Í stuttu máli má segja að meginviðfangsefni þessa viðauka séu því þrjú:

1. Útreikningur á nýrri leið til hækkunar á aldri við lífeyristöku
2. Framreikningur á tillögum ÖBÍ um breytingar á grundvallarlífeyri
3. Áhrif þess að taka upp starfsgetumat og uppsetning á slíku mati

Af þessum þáttum er sá síðasti langviðamestur því að hér er verið að tala um nýja tegund af mati sem ekki hefur verið notuð mikið hér á landi. Reynsla erlendis frá er heldur ekki mjög mikil. Að þessu er vikið hér á eftir.

Sem fyrr hafði Benedikt Jóhannesson Ph. D. umsjón með verkinu en Vigfús Ásgeirsson tryggingastærðfræðingur vann nokkra útreikninga.

Reykjavík, 28. apríl 2015,




Benedikt Jóhannesson

Útreikningur á nýrri leið til hækkunar á aldri við lífeyristöku

Vísað er til bls. 9-10 í fyrri skýrslu þar sem sagt er frá ýmsum hugmyndum um hækkun ellilífeyrisaldurs í áföngum frá 67 ára í 70 ár. Í nefnd sem lífeyrissjóðirnir skipuðu til þess að ræða um áhrif þess að tekin verður upp ný tegund af lífslíkutöflum á þessu ári var rætt um ýmsar leiðir til þess að mæta kostnaði sem verður af lengingu lífaldurs. Á mynd 1 má sjá hvernig hækkunin yrði samkvæmt hinum ýmsu leiðum. Á skalanum sjást vinstra megin mánuðirnir og hægra megin aldur í árum.


Mynd 1: Áhrif mismunandi aðferða við hækkun lífeyrisaldurs



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar.

Nýja tillagan sem þar kom fram er að aldurinn verði hækkaður um tvo mánuði á hverju ári í 12 ár, en svo enn mánuð á ári í 12 ár. Þannig hækkar lífeyrisaldurinn í 70 ár á 24 árum. Niðurstöður sjást á mynd 2.


Mynd 1: Lækkun á kostnaði TR vegna hækkaðs lífeyrisaldurs



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar. (Sbr. mynd 9 í fyrri skýrslu).

Þessi leið leiðir ekki af sér jafnmikinn sparnað og sú sem notuð var sem meginafbrigði í fyrri skýrslu (á þriggja mánaða fresti). Ástæðan fyrir því að þessi leið hefur meiri áhrif þegar skoðaður er rekstur lífeyrissjóða er að þar hefur núvirðingin strax áhrif á efnahagsreikninginn.

Mynd 2: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar. (sjá mynd 10 í fyrri skýrslu)

Í útreikningum fyrir nefndina er litið á áhrif á hverju ári. Þetta hefur þó ekki úrslitaáhrif á niðurstöðuna eins og sést á mynd 3, en hún er mjög svipuð mynd 10 í fyrri skýrslu. Niðurstaðan er að áhrif af tillögum nefndarinnar í heild séu komin niður í núll árið 2040 í stað ársins 2037.

Framreikningur á tillögum ÖBÍ um breytingar á grundvallarlífeyri

Í skýrslu ÖBÍ Virkt samfélag koma fram ákveðnar tillögur um breytingar á útreikningum bóta sem hér fylgja á eftir:

Tillögur að einföldun greiðslna á grundvelli starfsgetumats og endurhæfingar.

I. Sérstök framfærsluuppbót.

- Sérstök uppbót til framfærslu verði felld inn í tekjutrygginguna.
- Skerðingarhlutfall yrði áfram óbreytt (38,35%) vegna tekna umfram frítekjumörk.

II. Aðrar greiðslur, s.s. aldurstengd örorkuuppbót og heimilisuppbót leggjast ofan á lágmarksviðmiðið, sbr. tafla hér að neðan.

III. Frítekjumörk.

- Sameinað frítekjumark vegna fjármagns- og lífeyrissjóðstekna verði að upphæð 70.500 kr. á mánuði að uppfylltum fjórum skilyrðum (sjá nánar bls. 34-35).
- Atvinnutekjur upp að 290.000 kr. á mánuði hafi engin áhrif á útreikning lífeyris. Skerðing vegna atvinnutekna fylgi skattprósentum og þrepum.

Lágmarksviðmið og greiðsluflokkar almannatrygginga á grundvelli endurhæfingar- og starfsgetumats.

Heiti greiðsluflokka	Upphæð	
Grunnlífeyrir	41.462	
Tekjutrygging	178.145	Búið að fella framfærsluuppbot inn í tekjutryggingu
Lágmarksviðmið	219.607	
Aldurstengd örorkuuppbot	41.462	Leggst ofan á lágmarksviðmið
Heimilisuppbot	38.558	Leggst ofan á lágmarksviðmið
Samtals hámarksgreiðsla	261.069	án heimilisuppbotar
Samtals hámarksgreiðsla	299.627	með heimilisuppbot

Í skjali dags. 25. febrúar 2015 reiknaði Sigurður M. Grétarsson f.h. Tryggingastofnunar áhrif þessara tillagna m.v. árið 2015. Sigurður segir:

„Kostnaðarmat.

Miðað við þær forsendur sem fram koma hér að ofan verður kostnaðaraukinn vegna þessara breytinga eins og hér segir í milljónum kr. á ár.

Örorkulífeyrir	1.313
Aldurstengd örorkuuppbot	609
Tekjutrygging	15.842
Heimilisuppbot	536
Framfærsluuppbot	-1.508
Eingreiðslur	682
Samtals	17.474


Ath. Hér er einungis um að ræða kostnað vegna örorkulífeyrisþega. Ekki er gerð tilraun til að leggja mat á kostnað vegna breyttra reglna varðandi búseturétt eða breyttar reglur við tekjuviðmið vegna fjármagnstekna sem þó er í tillögunum. Gert er ráð fyrir að allar bætur falli niður ef örorkulífeyrir fellur niður vegna tekna. Miðað er við breytta upphæð örorkulífeyris en óbreytta upphæð frítekjumarks sem í dag er 2.575.220 kr. á ári eða 214.602 kr. á mánuði. Miðað við þær forsendur fellur örorkulífeyrir niður þegar tekjur hafa náð 4.625.108 kr. á ári eða 385.426 kr. á mánuði. Ef það á að vera til staðar réttur á bótum við hærri tekjur þá eykur það kostnaðinn.

Kostnaðarauki vegna eingreiðslna það er orlofs- og desemberuppbotar eykst vegna hækkunar á tekjutryggingu og heimilisuppbot sem að óbreyttum reglum leiðir til samsvarandi hækkana á orlofs- og desemberuppbotum. Það er hins vegar alveg hægt að breyta þeim reglum þannig að bótaréttur í þeim bótaflokkum verði svipaður og í dag og þar með spara þann kostnaðarauka sem sýndur er í töflunni að mestu eða öllu leyti.

Þessar breytingar auka verulega vandamálið sem oft er nefnt „fall á krónunni“. Ef það á að bæta úr því þá eykur það kostnaðinn.“

Niðurstaða Sigurðar er því sú að árlega hækki kostnaðurinn um 17,5 milljarða króna. Í þessu er ekki miðað við áhrif þess að tekið verði upp starfsgetumat. Útreikning á áhrifum þess má sjá á mynd 9.

Mynd 3: Kostnaðaráhrif vegna tillagna ÖBÍ um hækkun bóta 2014-48



Heimild: Útreikningar TR og Talnakönnunar.

Þessar tölur eru lagðar til grundvallar við spá um áhrif á heildarkostnað næstu áratugi. Niðurstöðuna má sjá á mynd 4. Sem sjá má stórhækka greiðslur frá TR með þessu móti. Í upphafi er hækkunin um 60% og í lok tímabilsins væri raunvirði greiðslna um tvöfalt það sem það er nú.

Sem fyrr segir taka þessir útreikningar ekki mið af breytingunni sem verður við að nota starfsgetumat í stað örorkumats. Í næsta kafla má sjá að ólíklegt er að það breyti niðurstöðunni í grundvallaratriðum.

Áhrif þess að taka upp starfsgetumat og uppsetning á slíku mati

Bætur almannatrygginga hafa miðað fyrst og fremst við læknisfræðilegt mat á örorku. Komið hafa upp hugmyndir um að breyta matinu úr því að vera hreint og klárt læknisfræðilegt mat í það að vera annars vegar færnimat, sem notað væri til mats á þörf á stoðþjónustu og hins vegar í mat á fjárhagslegu aflahæfi einstaklinga, þar sem læknisfræðileg og atvinnuleg endurhæfing væri skilyrði bóta. Á meðan á endurhæfingu stendur fær einstaklingur endurhæfingarbætur og í lok endurhæfingar skal atvinnu- og tekjuöflunargeta vera metin. Starfsgeta skuli metin í 100 prósentum, og það sem á vantar skal hann fá bætt. *Drög að starfshæfnismati. Skýrsla faghóps um aðferðir við mat á starfshæfni, Nýskipan almannatrygginga. Tillögur um breytingar á lífeyriskerfinu. Skýrsla til félags- og tryggingamálaráðherra.*


Um matið segir á vef VIRK starfsendurhæfingarsjóðs:

„Starfsgetumat er heildrænt mat sem metur færni einstaklingsins út frá líkamlegum, andlegum og félagslegum forsendum til að taka virkan þátt í samfélaginu. Það metur

styrkleika og hindranir einstaklingsins m.t.t. atvinnuþátttöku og getu hans til að afla sér tekna. Lögð er áhersla á að virkja einstaklinginn, bjóða honum fljótt einstaklingsmiðaða endurhæfingu og fjarlægja vinnuleitjandi farartálma. Litið er á starfsgetumat sem eitt órofa ferli mats annars vegar og virkniaukandi aðgerða og/eða starfsendurhæfingar og meðferðar hins vegar.“

Í skýrslu nefndar um endurskoðun örorkumats og eflingu starfsendurhæfingar segir að í skýrslu OECD í málefnum einstaklinga hafi ein af niðurstöðum OECD verið sú að örorka eigi ekki að teljast jafngild því að vera óvinnuhæfur. Ekki skal samkvæmt því líta á örorkustig sem það sama og að aðstæður einstaklings til tekjuöflunar og þátttöku í atvinnu.

Mynd 4: Skipting örorkuprósentu í fimm lífeyrissjóðum árið 2014




Heimild: Úttekt Talnakönnunar á örorku árið 2014 í fimm lífeyrissjóðum

Ekki er hægt að nálgast starfsgetumat beint með því að nota formúluna 100%-örorkumat. Reyndar hafa tölur um skiptingu þeirra sem hafa fengið örorkumat hér á landi ekki legið á lausu. Því var gripið til þess að fá sérstaka úttekt sem miðaði við nokkra af stærstu lífeyrissjóðum landsins. Hún sést á mynd 5. Í flestum lífeyrissjóðum er ekki greiddur lífeyrir til þeirra sem eru með minna en 50% örorku.

Frá Svíþjóð bárust tölur um það sem þeir kalla Sjukersättning/aktivitetsersättning og er bætur fyrir starfsorkutap. Tölurnar ná yfir tímabilið frá 2003 til 2014, en reglur virðast hafa breyst á tímabilinu og því aðeins miðað við síðustu árin hér. Ekki virðast vera greiddar varanlegar bætur úr þessum flokki nema til þeirra sem orðnir eru þrítugir. Miðað var við tölurnar fyrir þrítuga og eldri. Niðurstaðan sést á mynd 6.

Mynd 5: Skipting starfsgetumats í Svíþjóð 2012-2014




Heimild: Sveriges officiella statistik

Myndin sýnir að starfsgetan er minni hjá körlum en konum, þ.e. fleiri karlar fara í 0% flokk en konur. Hér ber að huga að því að miðað er við fólk sem kemur inn í kerfið við þrítugt eða eldra. Nokkur hópur sem er yngri hefur verið á bótum hjá TR, m.a. þeir sem eru fatlaðir frá fæðingu eða unga aldri. Því má búast við að 0% hópurinn sé í raun stærri en hér er sýnt.

Í flokkun sem nefndin setti fram er miðað við 0-25% starfsgetu, 26-50% o.s.frv. Með því að taka tillit til þess að við þrítugt er 2-2,5% árgangs á örorku og með því að miðla milli flokka til þess að fá sambærilega skiptingu við það sem nefndin miðar við voru reiknaðar nýjar líkur. Samkvæmt þeim eru 70% með 25% starfsgetu eða minna, 12% með 26-50%, 14% með 51-75% og 4% með 76% eða meira. Niðurstöðuna má sjá á mynd 7.

Þessa skiptingu ber auðvitað að taka með öllum fyrirvörum, en þó benda sænsku tölurnar til þess að matið sé varfærnislegt, þ.e. fleiri séu með litla starfsgetu en raunin gæti orðið.

Mynd 6: Skipting starfsgetumats á Íslandi



Heimild: Mat Talnakönnunar (sjá texta)

Þó að dreifing starfsgetumats liggir fyrir er þrautin samt þyngri að áætla hvaða áhrif þetta nýja mat gæti haft á fjölda bótaþega. Örorkulífeyrisþegar eru nú um 16.500 hjá TR, en auk þess fá um 730 manns örorkustyrk, sem er miklu lægri fjárhæð. Örorkan miðast við 75% til þess að fullur örorkulífeyrir fái greiddur. Út frá því ætti allur núverandi lífeyrisþegahópur að falla undir 0 til 25% starfsorku, en hafa þer í huga það sem að framan greinir að ekki er endilega beint samband þarna á milli. Því voru reiknuð nokkur dæmi.

- Grunnæmið er kostnaður miðað við núverandi reglur.
- Fyrst er svo reiknað hvaða áhrif það hefði ef við flokk bótaþega bættust allir þeir sem eru með 26% starfsorku eða meira.
- Næst var reiknað með því að núverandi bótaþegar fylltu flokk þeirra sem eru með 0 til 50% starfsorku, en þeir sem eru með 51% starfsorku eða meira bættist við.
- Þriðja dæmið gengur út frá því að hægt sé að beita skiptingunni á núverandi örorkulífeyrisþega, þ.e. fjöldinn haldist óbreyttur, en starfsgetan skiptist innbyrðis samkvæmt töflunni.
- Loks var miðað við að aðeins bættust við í hóp þeirra sem eru með 26-50% starfsgetu þeir sem nú fá örorkulífeyri.

Niðurstöður útreikninganna má sjá á myndum 8 og 9.

Af myndunum sést að kostnaðaráhrifin eru mest miðað við það að gera megi ráð fyrir að allir núverandi lífeyrisþegar hafi starfsgetu 25% eða minna. Minnst áhrifin eru ef reiknað er með því að hægt sé að skipta núverandi hópi bótaþega í samræmi við matið. Líklegast er auðvitað að niðurstaðan verði einhvers staðar þarna á milli.

Tvær mismunandi tillögur komu fram um viðmiðanir bótafjárhæða við starfsgetumatið. Aðilar vinnumarkaðarins lögðu fram eftirfarandi tillögu:

„Starfsgeta ákvörðuð 0-25% : 100% réttur til greiðslna. Allar tekjur skerða lífeyri um 45%. Fjögurra ára aðlögun.

Starfsgeta ákvörðuð 26-50% : 50% réttur til greiðslna greiðslur frá lífeyrissjóði og 50% frá TR. Allar tekjur nema atvinnutekjur skerða bætur frá TR um 45%. Skilyrði er að einstaklingurinn sé í endurhæfingarferli. Ekki fjögurra ára aðlögun.

Starfsgeta ákvörðuð 51-100% : Engar greiðslur.


Réttindi og og fjárhæðir greiðslna

Almannatryggingar greiði einn lífeyri, 193.962 kr., sem komi í stað örorkulífeyris, tekjutryggingar og framfærsluuppbótar. Hálfur lífeyrir, 96.981 kr., greiðist þeim sem hafa 26-50% starfsgetu.

Heimilisuppbót verði 31.108 kr. (þannig að samtala lífeyris og heimilisuppbótar verði 225.070 kr.) án frítekjumarka en skerðist um 7% vegna samanlagðra tekna. Hálf heimilisuppbót, 15.554 kr., greiðist þeim sem hafa 26-50% starfsgetu (þannig að samtala hálf lífeyris og hálftrar heimilisuppbótar verði 112.535 kr.).“

Niðurstöður úr útreikningum vegna þessarar tillögu má sjá á mynd 8.

Mynd 7: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum aðila vinnumarkaðarins



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Öryrkjabandalagið lagði fram annars konar tillögu þar sem bæði er gert ráð fyrir hærri bótum og annars konar skerðingu vegna þess að starfsorkumat sé innan við 100%. Tillögur ÖBÍ eru sem hér segir:

„Möguleg útkoma starfsgetumats skv. tillögum skýrslunnar:

a)	<-25%	lítil sem engin starfsgeta	fullar greiðslur.
b)	26-50%	verulega skert starfsgeta	75% hlutfall greiðslna.
c)	51-75%	nokkur starfsgeta	50% greiðslna.
d)	76%->	viðunandi starfsgeta	engar greiðslur.

Meðal annars er gert ráð fyrir að fólk með verulega skerta starfsgetu geti farið út á vinnumarkaðinn og unnið hlutastörf en haldið 75% lífeyri. Í ljósi þess að kerfi starfsgetumats eigi að vera hvetjandi skiptir miklu máli að fjölga greiðsluflokkum miðað við núverandi kerfi.

Tillögur að einföldun greiðslna á grundvelli starfsgetumats og endurhæfingar.

IV. Sérstök framfærsluuppbot.

- Sérstök uppbot til framfærslu verði felld inn í tekjutrygginguna.
- Skerðingarhlutfall yrði áfram óbreytt (38,35%) vegna tekna umfram frítekjumörk.

V. Aðrar greiðslur, s.s. aldurstengd örorkuuppbot og heimilisuppbot leggjast ofan á lágmarksviðmiðið, sbr. tafla hér að neðan.

VI. Frítekjumörk.


- Sameinað frítekjumark vegna fjármagns- og lífeyrissjóðstekna verði að upphæð 70.500 kr. á mánuði að uppfylltum fjórum skilyrðum (sjá nánar bls. 34-35).
- Atvinnutekjur upp að 290.000 kr. á mánuði hafi engin áhrif á útreikning lífeyris. Skerðing vegna atvinnutekna fylgi skattprósentum og -þrepum.

Lágmarksviðmið og greiðsluflokkar almannatrygginga á grundvelli endurhæfingar- og starfsgetumats.

Heiti greiðsluflokka	Upphæð	
Grunnlífeyrir	41.462	
Tekjutrygging	178.145	Búið að fella framfærsluuppbot inn í tekjutryggingu
Lágmarksviðmið	219.607	
Aldurstengd örorkuuppbot	41.462	Leggst ofan á lágmarksviðmið
Heimilisuppbot	38.558	Leggst ofan á lágmarksviðmið
Samtals hámarksgreiðsla	261.069	án heimilisuppbotar
Samtals hámarksgreiðsla	299.627	með heimilisuppbot

Fjárhæðir í tillögum ÖBÍ miðast við árið 2014 og ef gert er ráð fyrir 3% hækkun fæst grunnfjárhæð hámarksgreiðslu um 315 þúsund krónur á mánuði. Á mynd 9 sjást niðurstöður útreikninga á áhrifum þessarar tillögu.

Mynd 8: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum Öryrkjabandalagsins




Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Grunnfjárhæðir samkvæmt útreikningum Sigurðar M. Grétarssonar sem fyrr er vitnað til sýndu hækkun upp á rúmlega 60%. Sú tala lækkar nokkuð ef miðað er við að engir bætist í hóp bótaþega við breytinguna og hluti núverandi örorkulífeyrisþega hafi nokkra eða talsverða starfsgetu. Mest verður hækkunin ef allir þeir sem samkvæmt nýju töflunum eru með 26% starfsgetu eða meira bætast við sem nýir bótaþegar.

Nefndin óskaði sérstaklega eftir því að metið yrði hver yrðu áhrifin af því ef einungis væri litið á reglur sem ÖBÍ leggur til um starfsgetumat. Ekki er þar lögð til aðferð við að skerða bætur vegna tekna og er því miðað við núverandi greiðslureglur TR í samanburðinum.

Mynd 10: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum ÖBÍ – núverandi greiðslur TR



Heimild: Útreikningar Talnakönnunar

Niðurstaða

Af þessum útreikningum má ráða að líklegt sé að tillögurnar sem fram eru lagðar leiði til nokkurrar hækkunar bóta. Óvissa er mikil vegna þess að enginn veit hvaða áhrif það hefur að meta upp á nýtt þúsundir lífeyrisþega miðað við nýjar forsendur. Hugsanlegt er að slíkt mat samhliða góðu endurhæfingarkerfi leiði til þess að heildarbreyting bóta verði á bilinu +/-10% frá því sem nú er.

Tillögur ÖBÍ leiða til talsvert meiri hækkunar bóta og má gera ráð fyrir því að hækkun samkvæmt tillögum bandalagsins sé á milli 50 og 100% frá því sem nú er.

Hér er aðeins talað um örorkulífeyrishlutann, en áður hafði verið reiknað út hver áhrif tillagnanna væru á ellilífeyri. Ný nálgun á hækkun ellilífeyrisaldurs seinka því um þrjú ár eða svo að jafnvægi náist m.v. núverandi útgjöld.

Viðauki: Töflur bakvið myndir

Í viðauka hér á eftir eru sýndar þær tölur sem liggja að baki myndunum hér að framan. Númerin á töflunum svara til númeranna á myndunum. Athugið að engin tafla er númer 1.

Tafla 2: Lækkun á kostnaði TR vegna hækkaðs lífeyrisaldurs

	1 mán á ári	7 mán hratt	6 mán strax	Á 3 mán fresti	Á 4 mán fresti	2 mán í 12 ár svo 1 mán.
2014	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
2015	99,9%	100,0%	99,8%	100,0%	100,0%	100,0%
2016	99,7%	99,5%	99,0%	99,5%	99,7%	99,9%
2017	99,6%	99,1%	98,8%	99,0%	99,3%	99,6%
2018	99,4%	98,9%	98,6%	98,3%	98,9%	99,3%
2019	99,2%	98,7%	98,2%	97,5%	98,4%	99,0%
2020	98,9%	98,3%	97,9%	96,5%	97,8%	98,6%
2021	98,7%	98,0%	97,5%	95,5%	97,3%	98,2%
2022	98,4%	97,6%	97,0%	94,5%	96,8%	97,8%
2023	98,1%	97,2%	96,5%	93,4%	96,3%	97,3%
2024	97,7%	96,8%	96,1%	92,4%	95,8%	96,8%
2025	97,4%	96,3%	95,6%	91,7%	95,2%	96,3%
2026	97,1%	95,8%	95,1%	91,1%	94,7%	95,8%
2027	96,7%	95,3%	94,6%	90,5%	94,1%	95,1%
2028	96,4%	94,6%	94,2%	89,8%	93,4%	94,6%
2029	96,0%	93,8%	93,7%	89,1%	92,8%	94,2%
2030	95,7%	93,3%	93,2%	88,2%	92,2%	93,8%
2031	95,4%	92,7%	92,7%	87,3%	91,6%	93,4%
2032	95,0%	92,1%	92,3%	86,5%	91,2%	93,0%
2033	94,7%	91,5%	91,8%	85,7%	90,9%	92,6%
2034	94,4%	90,9%	91,3%	84,9%	90,6%	92,2%
2035	94,0%	90,3%	90,9%	84,2%	90,3%	91,7%

Tafla 3: Kostnaðaráhrif vegna tillagna nefndarinnar 2014-36

	Tillögur	Vegna hækkaðs aldurs	Heildar áhrif
2014	0,00%	0,00%	0,00%
2015	0,00%	0,00%	0,00%
2016	3,25%	-0,13%	2,09%
2017	6,50%	-0,41%	5,01%
2018	9,75%	-0,71%	7,89%
2019	13,00%	-1,04%	10,72%
2020	13,00%	-1,39%	10,33%
2021	13,00%	-1,76%	9,91%
2022	13,00%	-2,19%	9,43%
2023	13,00%	-2,68%	8,88%
2024	13,00%	-3,19%	8,31%
2025	13,00%	-3,71%	7,74%
2026	13,00%	-4,24%	7,14%
2027	13,00%	-4,94%	6,35%
2028	13,00%	-5,43%	5,80%
2029	13,00%	-5,81%	5,38%
2030	13,00%	-6,20%	4,95%
2031	13,00%	-6,61%	4,49%
2032	13,00%	-7,02%	4,03%
2033	13,00%	-7,43%	3,57%
2034	13,00%	-7,85%	3,10%
2035	13,00%	-8,26%	2,64%

Tafla 4: Kostnaðaráhrif vegna tillagna ÖBÍ um hækkun bóta 2014-48

	Fjöldi	Alls
2014	16.390	28.942
2015	16.592	46.772
2016	16.790	47.331
2017	16.974	47.850
2018	17.144	48.328
2019	17.335	48.868
2020	17.513	49.369
2021	17.647	49.746
2022	17.786	50.138
2023	17.898	50.455
2024	17.993	50.722
2025	18.082	50.972
2026	18.169	51.219
2027	18.209	51.331
2028	18.265	51.489
2029	18.374	51.797
2030	18.426	51.944
2031	18.471	52.068
2032	18.502	52.157
2033	18.553	52.300
2034	18.599	52.430
2035	18.708	52.738
2036	18.861	53.170
2037	18.992	53.538
2038	19.181	54.070
2039	19.334	54.502
2040	19.388	54.654
2041	19.468	54.880
2042	19.598	55.245
2043	19.688	55.499
2044	19.795	55.803
2045	19.955	56.253
2046	20.095	56.646
2047	20.125	56.733
2048	20.121	56.719
2049	20.173	56.867

Tafla 5: Skipting örorkuprósentu í fimm lífeyrissjóðum árið 2014

<i>Örorka</i>	<i>Hlutfall lífeyrisþega</i>
100%	70%
75%	18%
51-74%	1%
50%	11%

Tafla 6: Skipting starfsgetumats í Svíþjóð 2012-2014

	Starfsgeta			
	0%	25%	50%	75%
Allir	64%	5%	22%	10%
Konur	59%	5%	24%	12%
Karlar	70%	4%	19%	7%

Tafla 7: Skipting starfsgetumats á Íslandi

Starfsgeta	Hlutfall
0-25%	70%
26-50%	12%
51-75%	14%
76-100%	4%

Tafla 8: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum aðila vinnumarkaðarins

Núverandi reglur	100%
Ef 26+ er viðbót	120%
Ef 51+ er viðbót	102%
Engin viðbót	92%
Örorkul. bætast við	115%

Tafla 9: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum Öryrkjabandalagsins

Núverandi reglur	100%
Ef 26+ er viðbót	200%
Ef 51+ er viðbót	171%
Engin viðbót	149%
Örorkul. bætast við	169%

Tafla 10: Kostnaðaráhrif starfsgetumats á Íslandi á TR skv. tillögum Öryrkjabandalagsins – núverandi greiðslur TR

Núverandi reglur	100%
Ef 26+ er viðbót	134%
Ef 51+ er viðbót	115%
Engin viðbót	94%
Örorkust. bætast við	116%